

Jón Karl Helgason

HERRA ÞRÁINN

1005 • KIND

REYKJAVÍK • MMXV

[1005 • III. TBL. • VII. HEFTI]

EFNI

Þú segir það	VII
Tússlykt	IX
Maðurinn á gráa sloppnum	XI
Þrá í augum	XIII
Velvakandi	XV
Gullna hliðið	XVII
Veðurfréttaröddin	XIX
Portúgalska fréttin	XXI
Jæja?	XXIII
Góð fyrirsögn	XXV
Kraftmikill og öflugur	XXVII
Flettiskilti	XXIX
Koffín	XXXI
Bondblaðið	XXXIII
Mótmælandi Íslands	XXXV
Stóri bróðir	XXXVII
Fyrir og eftir	XXXIX
Trúarjátning	XLI
Ljósvakamiðill	XLIII
Systir síðdegisblaðsins	XLV
Litið í eigin barm	XLVII

Frímerki	LXIX
Nafli Nellyar	LI
Stelling dagsins	LIII
Á ljósum	LV
Frystikista	LVII
Ólympíuleikar	LIX
Ótímabær sagnfræði	LXI
Framboð og eftirspurn	LXIII
Marlboro-maðurinn.....	LXV
Gangstígar sem greinast	LXVII
Því miður	LXIX
Viðhengi	LXXII



ÞÚ SEGIR ÞAÐ

Þráinn man eftir gulum Skoda. Hann man eftir móðurafa sínum og ömmu í fjölskylduferð á þessum bíl utan borgarmarkanna. Hann hlýtur að hafa verið tveggja eða þriggja ára. Hann man líka eftir að hafa sofnað um miðjan dag á rauða beddanum undir stofuglugganum hjá þeim í íbúðarblokk í austurbænum og vaknað með hausverk. Sólin skein inn um gluggann, ofninn var á hæstu stillingu.

Þráinn man eftir hægindastólnum í stofunni sem amma hans sat í þegar hún þrjónaði og vettlingum sem komu í mjúkum jólapökkum. Hann man eftir sunnudagsmatnum; rauðkálinu, sultunni, pörunni, glösum úr lituðu gleri og kóki í dósum sem móðurbróðir hans hafði haft meðferðis úr síðustu siglingu.

Þráinn man eftir Andrésblöðunum sem voru geymd í möppu í neðstu hillunni í bókaskápnum. Það kom að því að þeir bræðurnir hættu að gera sér óraunhæfar vonir um að afi eða amma endurnýjuðu birgðirnar. Hann man líka eftir gamlárskvöldinu þegar fjölskyldan heimsótti höfuðstöðvar rafveitunnar. Afi hans var á næturvakt yfir áramótin. Þráinn man eftir borðtennisborðinu sem þeir bræðurnir fengu að prófa, gljábónuðum gólfdukknum og hrjúfri skeggrótinni þegar afi kyssti hann bless.

Þráinn man eftir holdugu frænkunni sem kom í heimsókn á laugardögum og var kát í öllum skrokknum. Hann man eftir frystikistunni í hjólageymsl-

unni og ryksugunni með mjúka taupokanum sem fylltist af lofti þegar hún var sett í gang. Hann man eftir saumaborðinu inni í svefnherbergi, betrekkinu í eldhúsinu og brauðsneiðum með tómötum og eggjum. Og hann man eftir sjálfum sér í eldhúskróknum; amma hans sat þögul hinum megin við borðið á meðan hann kláraði af disknum. Svo sagði hún upp úr eins manns hljóði: Þú segir það.

.

TÚSSLYKT

Þráinn er fjögurra ára gamall þegar hann lærir að lesa; skriftarkunnáttan kemur í kjölfarið. Þetta sumar heimsækir hann föðurafa sinn á skrifstofuna dag eftir dag, alltaf um svipað leyti, og hefur þaðan með sér lítinn miða með bókstaf dagsins. Miðarnir eru laxableikir en á þá hefur afi skrifað með svörtum tússpenna. Þess vegna tengir Þráinn alltaf tússlykt við stafrófið.

Þau búa þarna þrjár kynslóðir í stóru húsi við fjölfarin gatnamót í miðbænum. Á jarðhæðinni eru nokkrar verslanir, á annarri hæð búa tveir leigjendur, hvor í sinni íbúð, afi hans og amma eiga heima á þriðju hæðinni og í risinu á þeirri fjórðu býr Þráinn ásamt foreldrum sínum og stóra bróður. Skrifstofan hans afa er líka á þriðju hæðinni en með sérinngangi. Hún er eins og tígull í laginu, með hornglugga og þykkum flauelsgardínum. Gamli maðurinn situr á léttum skrifstofustól með leðuráklæði, snýr baki í gluggann og lítur brosandí upp þegar sonarsonurinn vindur sér inn á gólf. Jæja nafni, segir hann og býður Þráni sæti.

Afi hans á lítið mælingarhjól sem hann rennir eftir borgarkortinu aftast í símaskránni. Hann hefur verið að spássera um bæinn og vill glöggva sig á hve langt hann hafi gengið, hvort hann hafi nokkuð gengið of langt. Áður en hann færir niðurstöðuna inn í rúðustrikaða kompu stingur hann blýantínum í yddara sem er festur við borðbrúnina og biður Þráinn um að snúa sveifinni. Drengurinn fylgist með spæni safnast saman í glerhólfi neðst á

yddaranum og reynir að ímynda sér hvernig yrði þar umhorfs ef hann stingi litla putta í gatið.

Nokkrum mínútum síðar er Þráinn kominn aftur fram á gang. Hann hleypur upp stigann á sokkaleistunum með laxableikan miða í höndunum. Á honum er stórt og ilmandi Æ.

MAÐURINN Á GRÁA SLOPPNUM

Gegnt húsinu þar sem Þráinn býr eru höfuðstöðvar dagblaðs sósíalista. Drengurinn stendur heilu og hálfu dagana uppi á stól við stofugluggann á fjórðu hæðinni og fylgist með fólkinu sem gengur inn og út; blaðamönnum sem hamra á ritvélar á annarri hæðinni, blaðburðarkrökkum sem sækja skammtinn sinn í afgreiðsluna á fyrstu hæðinni og prenturum sem snúast í kringum prentvélina í kjallaranum. Honum þykir mest spennandi þegar klunnalegur sendibíll staðnæmdist fyrir framan húsið. Út úr honum velta risastórar pappírurúllur sem minna á vörubíladekk.

Maðurinn sem tekur á móti rúllunum er á gráum vinnuslopp. Þráinn virðir hann vandlega fyrir sér, áræðir síðan að spyrja þabba sinn hvort þetta sé ekki örugglega Bjarni Benediktsson. Bjarni er forsætisráðherra og leiðtogi íhaldsmanna. Fyrir nokkrum mánuðum var Þráinn í göngutúr með afa sínum og hitti þennan valdamikla stjórnámamann. Hvernig líst þér á hann? spurði afi þegar þeir höfðu kvatt Bjarna. Vel, sagði Þráinn, hann er stór en soldið stuttur. En þabbi Þráins þvertukur fyrir að maðurinn á gráa sloppnum geti verið Bjarni Benediktsson og það er ekki fyrr en nokkrum árum síðar að drengurinn skilur fyllilega hvers vegna öllum á heimilinu þykir spurningin svona myndin.

Þá hefur hann ekki bara gert sér grein fyrir því að forsætisráðherrar vinna sjaldnast verkamannavinnu milli þingfunda heldur líka áttað sig á muninum á sósíalistum og íhaldsmönnum. Honum er meira að segja farið

að skiljast að sérstök tengsl eru á milli fjölmiðla og pólitískra fylkinga í landinu. Ekki er nóg með að stjórnmalaflokkarnir gefi út opinber málöggn heldur á hver þeirra sinn hlut í ríkisútvarpinu. Þótt starfsfólki þess sé fyrirlagt að gæta hlutleysis er útvarpið afar pólitískur miðill: Dagskráin hefst á guðsorði og fréttum en í kjölfarið tekur við upplestur úr leiðurum dagblaðanna. Allir litast þeir af flokkspólitík nema leiðari síðdegisblaðsins sem stærir sig af því að vera frjálst og óháð.

Í millitíðinni, einn daginn þegar Þráinn er á heimleið úr fiskbúðinni með pabba sínum, mæta þeir mannum á gráa sloppnum. Pabbi stenst auðvitað ekki þá freistingu að segja honum söguna af Bjarna Benediktssyni. Þráni hitnar í framan undir frásögninni en það glaðnar aðeins yfir honum þegar prentarinn býður þeim feðgum upp á perubríjóstsykur í sögulaun. Þráinn veiðir einn mola upp úr pokanum og stingur honum upp í sig. Hvað segirðu þá? spyr pabbi þegar útséð er um að strákur þakki fyrir sig. Þráinn lítur til skiptis á góðlegt andlit mannsins á gráa sloppnum og strangan svip föður síns. Loks er eins og ljós renni upp fyrir honum: Má ég fá annan mola handa honum bróður mínum?

ÞRÁ Í AUGUM

Ef Sophia Loren hefði horft fram væri myndin af þeim Jayne Mansfield líklega geymd í stöflum með milljónum annarra ljósmynda sem safnarar flokka ýmist með myndum af frægu fólki eða fögrum gyðjum. En hún var afdrifarík tilviljunin sem festi þetta skáskotna augnaráð á filmu. Í stað þess að sýna tvær gyðjur búa í myndinni allar aðrar myndir sama efnis. Hún afhjúpar í senn sitt eigið eðli og þrá okkar áhorfenda. Þetta er mynd af því að horfa og því að láta horfa á sig.

Þráinn er í matarboði með móður sinni hjá vinkonu hennar, rúmu ári eftir skilnaðinn. Ljósmyndin af leikkonunum tveimur hangir uppi á vegg í baðherberginu. Hann gefur sér góðan tíma í að virða hana fyrir sér. Fyrst fylgir hann augnaráði Sophiu að hvelfdum barmi Jayne sem kjóllinn á fullt í fangi með að hemja. Augun leita síðan aftur til baka. Nú virðir hann andlit Sophiu gaumgæfilega fyrir sér. Um varirnar leikur tvírætt bros. Gyðjan hefur gleymt sér eitt andartak. Augun og munnsvipurinn koma upp um hana. Hún er þá bara mannleg, hugsar Þráinn og reynir að gera sér í hugarlund hvaða kenndir bærast undir hvítu brjóstinu. En aðeins skamma stund, þar til hann áttar sig á að þetta er spegill. Augu Sophiu nema óljósan fyrirburð sem gægist fram undan flegnum kjólnum – eins nema augu Þráins svarta augasteina hennar. Augu Sophiu afhjúpa augun hans, kenndirnar í brjósti hennar bærast innra með honum. Og bros hans dofna, eins og bros Jayne andspænis linsu myndavélarinnar. Það sviður undan þessum augum.

Í bakgrunni myndarinnar af leikkonunum standa tveir karlmenn. Maðurinn næst Sophiu horfir inn í myndina á hvítklæddan þjón sem horfir fram, inn í linsu vélarinnar, líkt og Jayne. Það glampar á gleraugu þjónsins í rökkriinu, slaufan er örlítið skökk, hann heldur á hvítum klút í mittishæð. Þetta er önnur spegilmynd af áhorfandanum. Þráinn horfir á mann horfa á þjón – sér sig horfa á sig skýla sér í rökkriinu.

Annar hvítklæddur þjónn ber burt hlaðið fat. Brauðbolla er á diskni á borðinu. Þar stendur líka vínflaska en glösin eru tóm. Þetta er engin venjuleg máltíð. Þetta er veisla fyrir augað. Hönd teygir sig hægra megin inn í neðra horn myndrammans. Í hendinni er skeið. Barmur Jayne er innan seilingar en belgur skeiðarinnar beinist í aðra átt, út úr myndinni, í átt að vörum Þráins þar sem hann situr á klósettinu. Þannig birtir ferkantaður ramminn eðli og takmörk þeirrar hungruðu þrár sem horfir og fær aldrei saðningu.

VELVAKANDI

Stúdentsprófin eru að baki, framundan eru langir dagar, bjartar nætur, gúrku tíð. Þráinn hefur ráðið sig í sumarafleysingar á síðdegisblaðinu. Fyrsta kastið er honum falið að ritstýra lesendasíðunni. Það er góður skóli. Hann tekur einkum á móti bréfum og símtölum frá fólki sem hefur ýmislegt við veröldina að athuga. Stundum er um að ræða hreinræktað nöldur, stundum skarpa gagnrýni.

Þráni finnst hann kannast vel við tóninn í málflutningi þeirra sem hafa samband en það tekur hann nokkrar vikur að átta sig á hvaðan. Svárið rennur upp fyrir honum einn daginn þegar hann fer í sund. Það er nefnilega sama fólkíð sem skrifar lesendabréfin og lætur móðan mása í heita pottinum; fólkíð sem talar um þá og hina og á við stjórnámálamenn, ráðherra, bankastjóra og athafnamenn.

Ef hörgull er á efni heitir Þráinn á samstarfsmenn sína að skrifa krassandi lesendabréf sem eru til þess fallin að vekja heitar umræður. Sjálfur gerir hann örvæntingarfulla tilraun í miðjum júlímánuði og skrifar lesendabréf undir dulnefni með fyrirsögninni „Drepum alla ketti“. Hann vonast til að fjöldi lesenda bregðist við en raunin er sú að aðeins ein öldruð kona hringir; ekki til að láta hafa neitt eftir sér heldur eingöngu til að lýsa yfir áhyggjum af sálarheilsu unga mannsins sem hafði skrifað um kettina.

Þráinn telur lesendasíðu árdegisblaðsins, sem er málagn íhaldsflokksins, vera sinn helsta keppinaut og þykir oftast fremur þunnur þrettandi á

þeim bænum; meinlausar tilkynningar um týnda páfagauka, stolin úr, bíllykla í óskilum, leiðréttingar á ferskeytlum og spurningar um hvort einhver beri kennsl á dáíð fólk á gömlum ljósmyndum. Slík erindi birtast undir fyrirsögninni „Velvakandi“ og það er ekki fyrr en á rigningardegi í lok sumars að Þráinn áttar sig á fegurðinni sem í þessu efni felst. Ung stúlka sem hann hittir í sundlauginni opnar augu hans.

Þegar hún fréttir hvað hann starfar við segist hún hafa lesið Velvakanda frá því að hún var barn og alltaf taka fyrirsögnina bókstaflega. Hún leggur á minnið þegar lýst er eftir grábröndóttum ketti, svo dæmi sé tekið, og er síðan vel vakandi gagnvart því ef einhver tilkynnir um grábröndóttan kött í óskilum. Draumur hennar er að geta komið á stefnumóti tveggja ólíkra aðila, hringt til dæmis í konuna sem hafði týnt silfurhringnum sínum á sjómannadaginn og sagt henni að nú hefði einmitt birst tilkynning um að einhver hefði fundið fallegan silfurhring niðri við höfn.

Vonandi eiga dagblöðin marga slíka lesendur, hugsar Þráinn á meðan hann horfir á eftir stúlkunni gufa upp úr heita pottinum líkt og Venus á gömlu málverki, góðhjartaða engla sem vaka yfir velferð okkar hinna.

GULLNA HLIÐIÐ

Sorry, you have not been identified, segir rafræn kvenröddin eftir að augnskanni hefur skoðað æðarnar og augasteininn í hægra auganu. Þráinn stendur við eitt af þremur sjálfvirkum aðgangshliðum líkamsræktarstöðvarinnar sem eiga að sjá til þess að engir komist inn nema þeir sem eru skráðir félagar. Tölvustýrðu apparatinn hefur augljóslega ekki tekist að finna upplýsingar um þetta tiltekna sjáaldur.

Sorry, you have not been identified, hljómar nógu hátt til að allir nærstaddir líti upp. Þetta er yfirlýsing sem merkir að hér sé grunaður maður á ferð. Ávarpið kemur eins blaut tuska framan í syfjað andlit Þráins því hann á sannarlega rétt á að komast inn í þetta heilaga musteri. Honum dettur í hug að hægra augað sé stútfullt af stírum. Hann nuddar það og gerir aðra tilraun. Sorry, you have not been identified, hljómar sem betur fer ekki í þetta sinn heldur vingjarnlegri leiðbeining: Please move forward a little. Síðan opnast hliðið.

Sorry, you have not been identified, segir Þráinn við sjálfan sig á meðan hann klæðir sig í stuttbuxurnar, bolinn og strigaskóna. Það er eitthvað við þessa setningu sem hefur slegið hann út af laginu. Honum dettur í hug að tækinu hafi tekist að skanna óttann sem lúrir í sálardjúpinu; óttann við að vera ekki númer, óttann við að ganga ekki í augun á umheiminum, óttann við að enginn beri kennsl á mann.

Sorry, you have not been identified, segir rafræna kvenröddin við nýjan

viðskiptavin í anddyrinu þegar Þráinn gengur áleiðis inn í æfingasalinn. Hann finnur sér hlaupabretti, skokkar af stað og kemst ekki hjá því að fara að horfa á þessa tólf skjái sem eru fyrir framan hann að sýna dagskrá ólíkra sjónvarpsstöðva – tónlistarmyndbönd, teiknimyndir, fótboltaleiki, fréttir, skjáleiki og kvikmyndir.

Sorry, you have not been identified, eru skilaboðin sem Þráinn les af öllum þessum skjáum. Ólíkt þeim sem eru á hlaupum á brettunum í kring er hann ekki með heyrnartól, hann er ekki í sambandi við litla tækið sem fest er við stöngina á hlaupabrettinu. Þráinn vill ekki tengja sig við tímann. Þó að hann sé á harðahlaupum er hann enn í sömu sporum og bíógestur á tímum þöglu myndanna.

Það er ekki fyrr en hann er búinn að skokka dágóða stund að eitthvað breytist. Hann tekur þá eftir því að á einni sjónvarpsstöðinni er að hefjast morgunleikfimi. Þrjár unga konur annast kennslu. Meðal þeirra ber Þráinn kennsl á einn leiðbeinandann af líkamsræktarstöðinni. Hann horfir á hana á skjánum í pallapuði og sér hana samtímis úti í sal að leiðbeina viðskiptavini sem er að lyfta lóðum. Hann horfir aftur á sjónvarpsskjáinn. Skjárinn horfir á móti, eins og hann vilji segja: Please move forward a little.

VEÐURFRÉTTARÖDDIN

Hjartað tekur kipp í hvert skipti sem sólbjört kvenrödd heyrir lesa veðurfréttir í útvarpinu. Þráinn veit sem er að röddina á ung kona sem vinnur á veðurstofunni í sumarafleysingum. Ekki er nóg með hún (röddin) sé einstaklega falleg heldur les hún veðurfréttirnar með allt öðrum og persónulegri blæ en allar aðrar raddir sem hann hefur áður heyrir í þessu hlutverki. Það er líkara því að hún sé að lesa hugljúft ástarbréf eða sögu eftir Knut Hamsun en þurrar upplýsingar um vindhraða, skyggni og úrkomu á síðustu klukku-stund.

Eftir því sem Þráinn hlustar oftir á þessa óvenjulegu rödd valda hefðbundnu veðurfréttaraddirnar honum meiri heilabrotum. Þær hljóma svo að segja allar eins; eru ástríðulausar, tala alltaf í sama einhæfa lagstúfnum sem bútaður er í sundur af löngum, ábyggðarfullum þögnum: Þetta er á Veðurstofu Íslands (þögn), veðrið klukkan átján (þögn). Hann efast um að fólkið sem á þessar raddir tali svona í sínu daglega lífi, til dæmis við fjölskylduna við morgunverðarborðið. Rödd þeirra og framburður hljóta að breytast þegar það kemur inn í stúdíóið í veðurstofuhúsinu.

Eins hrifinn og Þráinn er af ungu kvenröddinni þá telur hann ekki æskilegt að starfsfólk veðurstofunnar fari almennt að lesa veðurfréttir með meiri tilþrifum, hvert með sínu nefi. Ópersónulega veðurfréttaröddin þjónar nefnilega sínu hlutverki, hún er merkingarbær í sjálfri sér. Henni er ætlað að tjá að textinn sem verið er að lesa séu ábyggilegar staðreyndir frá opinberri

stofnun sem hægt sé að treysta. Óumbreytanleiki raddarinnar hefur sérstakt aðdráttarafl fyrir Þráinn í heimi þar sem allt er á hverfanda hveli.

Sígild rás ríkisútvarpsins er einnig auðug af slíkum röddum. Dánarfregnir og jarðarfarir hafa helgað sér eina rödd sem einkennist af hógværri hluttekningu, jólakveðjurnar aðra sem er full af andakt og eftirvæntingu. Þessar raddir taka sér jafnan bólfestu í þeim sem ganga þarna í þularstörf, einstaklingum sem eru að öðru leyti ákaflega ólíkir. Sömu sögu er að segja af fréttamönnum og fjölmörgum dagskrárgerðarmönnum ríkisútvarpsins; stofnunin, sagan og hefðin talar í gegnum þá með ólíkum hætti eftir því hvert viðfangsefnið er hverju sinni. Ríkisútvarpið er auðvitað ekkert einsdæmi. Spánnýjar einkareknar poppstöðvar eru furðuskjótar að móta sér sínar eigin stofnanaraddir – með sérstökum framburðareinkennum, áherslum, hiki og þögnum – sem búktala í hverjum einstaklingnum á fætur öðrum jafnskjótt og hann eða hún sest fyrir framan hljóðnemann. Á báðum vígstöðvum eru eftirtektarverðustu dagskrárgerðarmennirnir þó iðulega þeir sem ná að þagga niður í stofnanaröddinni og gefa tjáningu sinni persónulegan blæ.

Hvað stúlkuna á veðurstofunni snertir þá vonar Þráinn að hún finni rödd sinni farveg við hæfi. Hann grunar satt að segja að hún yrki ljóð í frístundum og treystir því að á þeim vettvangi sé rödd hennar einnig fersk og ný. Því að ljóðið, rétt eins og veðurstofan og ríkisútvarpið, er rógroin og formföst stofnun sem talar í gegnum meirihluta starfsmanna sinna, ekki síst þá sem eru í sumarafleysingum.

PORTÚGALSKA FRÉTTIN

Fréttatími hljómar í útvarpinu síðdegis á virkum degi, þulurinn greinir frá úrslitum í portúgölsku fyrstu deildinni í handknattleik. Þráinn hrekkur við. Hann hefur aldrei fyrr fengið fregnir af deildarkeppni handknattleiksmanna í Portúgal og á bágð með að ímynda sér marga útvarpshlustendur sem hafa áhuga á því efni. Fréttin vekur hann til umhugsunar um þau einkennilegu lögmál sem íþróttافرéttir, og líklega allar aðrar fréttir, eru ofurseldar. Honum detta í fljótu bragði í hug þrjú slík lögmál:

(1) Lögmál rýmisins: Daglega er gert ráð fyrir að fréttir taki tiltekið rými (pláss í dagblöðum og tíma í útsendingum ljósvakamiðla) í viðkomandi fjölmiðli. Sá veruleiki sem fréttirnar fjalla um er lagaður að þessu rými, ekki öfugt. Þannig má reikna með að það hafi verið búið að ákveða að íþróttافرéttir skyldu fá einnar mínútu umfjöllun í nefndum fréttatíma og vegna skorts á öðrum, áhugaverðari íþróttافرéttum hafi fréttamaðurinn tekið portúgölsku fréttina til handargagns. Hann hefði allt eins getað valið fréttir af úrslitum hanaats í Kólumbíu eða hornaboltakeppni í Kaliforníu; fréttin hafði þann eina tilgang að fylla rýmið.

(2) Lögmál áhugans: Í annan stað afhjúpar portúgalska fréttin að hve miklu leyti gildi íþróttافرétta ræðst af áhuga þeirra sem eru að hlusta. Sá áhugi mótast aftur af fjölmörgum öðrum þáttum, svo sem íþróttahéðum í viðkomandi landi (Íslendingar hafa meiri áhuga á handbolta og knattspyrnu en hornabolta), landafræði (Íslendingar hafa meiri áhuga á íþróttافرéttum

frá Evrópulöndum en Suður-Ameríku) og þjóðerni þátttakenda (Íslendingar hafa meiri áhuga á deildarkeppni erlendis ef landar þeirra eru á mála hjá þarlandum liðum).

(3) Lögmál samhengisins: Íþróttافرéttir, eins og íþróttirnar sjálfar, nærast á þörf almennings fyrir spennu. Íþróttakeppni skapar eftirvæntingu, framkallar geðshræringu og úrslitin vekja gleði eða vonbrigði í brjóstum áhorfenda og lesenda. Portúgalska fréttin hefur væntanlega þjónað því hlutverki í Portúgal og kannski víðar en á Íslandi skorti samhengið. Það verður ekki skapað nema með ótal öðrum íþróttافرéttum um sama efni. Flestar íþróttافرéttir eru í raun brot úr mislögum framhaldssögum sem íþróttááhugamenn fylgjast með frá upphafi keppnistímabils til loka þess. Það þjónar litlum tilgangi að lesa eina og eina setningu á stangli úr slíkri sögu.

Auðvitað skarast þessi þrjú lögmál margvíslega og hafa áhrif hvert á annað. Með því að gefa tilteknum íþróttافرéttum aukið rými ýta íþróttافرéttamenn undir áhuga almennings á viðkomandi efni sem getur svo aftur kallað á meira rými í fjölmiðlum. Þráinn tók eftir því að þegar ein sjónvarpsstöðin fór að sýna frá Formúlu 1 kappakstri jókst umfjöllun annarra fjölmiðla um Formúluna margfaldlega. Á hinn bóginn reiknar hann með að því betur sem almenningur er að sér um samhengi einstakra íþróttافرétta, því minna rými þurfi fyrir viðkomandi frétt.

JÆJA?

Nokkrum árum eftir andlát afa síns sinnir Þráinn vegabótum í sumarbústað ömmu sinnar, ásamt þremur öðrum karlmönnum úr fjölskyldunni. Þeir vinna saman í nokkra klukkutíma en eru að kasta mæðinni í vorsólinni þegar Birta, kærasta Þráins, kemur til þeirra með þau skilaboð að það sé komið kaffi. Þær konurnar hafa þrifið allt hátt og lágt innanhúss á meðan karlarnir djöfluðust úti við.

Jæja? spyr sá elsti. Birta lætur sem hún heyrir ekki til hans.

Jæja, endurtekur hann og dregur seiminn, hvernig líst þér á? Enn lætur Birta eins hún hafi ekkert heyrt. Það er ekki fyrr en hann gengur alveg upp að henni að hann nær þeirri athygli sem hann þráir.

Finnst þér ekki mikill munur? Á veginum?

Hva, viltu að ég hrósi ykkur? spyr hún á móti.

Og það er þá sem Þráinn áttar sig á að Guð geti ekki verið kona, að minnsta kosti ekki ef eitthvað er að marka Fyrstu Mósebók. Söguna þekkjja allir: Guð skapar eitthvað nýtt á hverjum degi í sex daga. Í lok hvers dags virðir hann fyrir sér allt sem hann hefur gert, „og sjá, það var harla gott“. Á sjöunda degi hvílist hann; finnst hann hafa unnið fyrir því. Þeir karlmennirnir höfðu hagað sér nákvæmlega eins í vegavinnunni. Þeir skiptu þessu litla verkefni niður í nokkra áfanga og í hvert skipti sem þeir luku einum áfanga stigu þeir eitt skref aftur á bak, hölluðu sér fram á skóflurnar, litu yfir farinn veg og sögðu hver við annan að þetta væri nú harla gott. Það er ekki fyrr en Birta kallar á þá í kaffið að sjálfsánægjusöngurinn þagnar.

Karlmennirnir ganga af stað upp í bústað, Þráinn og Birta reka lestina. Húsið ilmar af hreinleika, gluggarnir eru gljáfægðir, gólfín nýskúruð, sængur hafa verið viðraðar og ofnarnir hreinsaðir. Á borðum er ljúffengt sæta-brauð og nýlagað kaffi.

Konurnar standa brosandí í eldhúsinu þegar þeir koma inn. Engin þeirra segir: Jæja?

Þegar Þráinn hefur orð á því hvað allt sé orðið hreint og fágað bendir amma hans á að eldavélin sé ennþá skítug og að helst hefði þurft að þvo gárdínurnar í stofunni. Og hinar konurnar nefna fleiri óunnin verk.

Guð hlýtur að hafa verið karlmaður, segir Þráinn stundarhátt um kvöldið þegar þau Birta eru komin upp í rúm.

Af hverju segirðu það? muldrar hún af sínum kotta.

Ef kona hefði skapað heiminn, svarar Þráinn, hefði hún ekki tekið sér tíma í lok vikunnar til að virða fyrir sér það sem hún hafði afrekað. Því síður hefði henni fundist það harla gott. Hún hefði verið með hugann við lausu endana, öll litlu verkefni sem hún hefði ekki haft tómsu til að sinna. Henni hefði ekki komið til hugar að hvíla sig á sjöunda degi, heldur vaknað snemma og notað tímann til að ljúka ýmsu sem setið hafði á hakanum. Og þrátt fyrir það hefði hún örugglega verið hundóánægð með afraksturinn.

Þögn.

Jæja? spyr Þráinn.

Áfram þögn. Hann ákveður með sjálfum sér að Birta sé sofnuð.

GÓÐ FYRIRSÖGN

Nýtt kynningarform á dráttarvélum. Þráinn rekur augun í þessa fyrirsögn þegar hann les árdegisblaðið uppi í rúmi á laugardegi á meðan að Birta er úti að hlaupa. Honum dettur fyrst í hug að kynningarform vísi til dráttarvélanna með líkum hætti og drifskaft (sbr. *Nýtt drifskaft á dráttarvélum*) en á í basli með að sjá fyrir sér hvar á dráttarvélinni þetta kynningarform geti verið og hvernig það sé í laginu. Áður en hann veit af er hann búinn að lesa alla fréttina en hún fjallar um nýtt fyrirkomulag söluaðila við kynningu á John Deere dráttarvélum í afskekktum héruðum norðanlands: „var farið heim á bæina þar sem hverjum bónda var sýnd vélin sérstaklega í stað þess að safna mönnum saman á einn stað“.

Fréttin afhjúpar tvennt sem Þráinn man eftir að hafa glímt við sumarið sem hann vann á síðdegisblaðinu: Í fyrsta lagi að fyrirsagnir eru knappt form sem gerir sambærilegar kröfur til blaðamanna og ströngustu rímnahættir til skálda. Yfirleitt er nógu flókið að sjóða viðburði úr veruleikanum niður í hnitmiðaða, skýra frétt, en í fyrirsögninni þarf blaðamaðurinn að ganga skrefi lengra og tálga fréttina niður í fáein orð. Mikilvægt er að þau orð gefi ekki villandi mynd af fréttinni og þar með veruleikanum, enda lætur meirihluti lesenda sér nægja að renna augum yfir helstu fyrirsagnir og grípa aðeins niður í fáeinar fréttir. Í öðru lagi áttar Þráinn sig á að bestu fyrirsagnirnar eru ekki endilega auðskiljanlegar og hnitmiðaðar. Óræð fyrirsögn getur í sumum tilvikum verið til þess fallin að lesandinn kynni sér

alla fréttina en það hlýtur að vera meginmarkmið blaðamannsins. Góð fyrirsögn gerir með öðrum orðum tvennt í senn: að svala og vekja forvitni. Hún segir sögu ... en ekki alla söguna.

Eftir að hafa komist að þessari sjálfsögðu niðurstöðu leitar Þráinn uppi fleiri fyrirsagnir í blaðinu sem honum finnst annaðhvort vel orðaðar eða forvitnilegar. Dæmi um hnitmiðaða fyrirsögn finnur hann yfir stuttri frétt af Íslandsmeistaramótinu í vaxtarækt: *Hnyklað til sigurs*. Í síðarnefnda flokkinn ratar fyrirsögnin: *Játaði að hafa ekið á borgarleikhúsið*. Af öðrum fyrirsögnum sem Þráinn leggur á minnið eru: *Ölvunarakstur talinn nauðsynlegur* (villandi en forvitnileg) og *Lést eftir árekstur við önd* (bæði hnitmiðuð og forvitnileg en heldur spaugileg miðað við efni fréttar). Eftirminnilegasta fyrirsögnin sem hann rekst á er aftur á móti með frétt af sameinuðum lista tveggja flokka fyrir sveitarstjórnarkosningar sem standa fyrir dyrum. Um er að ræða beina tilvitnun í einn talsmann listans, sem segir ef til vill meira um stöðuna í íslenskum stjórnámálum en snilli blaðamannsins: *Stefnum að stærri minnihluta*.

KRAFTMIKILL OG ÖFLUGUR

Félagi Þráins úr sagnfræðinni hyggst taka þátt í prófkjöri fyrir borgarstjórnarkosningar á vegum íhaldsflokksins. Hann biður Þráin um að skrifa blaðagrein til stuðnings framboðinu og gefur um leið til kynna að bráðlega fari að losna starf skjalarvarðar í einu þeirra ráðuneyta þar sem flokkurinn fer með völd. Lengd þessara greina er takmörkuð, bætir vinurinn við, rétt eins og lengdin á minningargreinunum sem birtast á svipuðum stað í árdegisblaðinu. Augljósasti munurinn er að stuðningsgrein um frambjóðanda er skreytt með mynd af höfundinum á meðan mynd af hinum látna er birt með minningargreininni.

Þráinn hefur aldrei áður fengist við skrif af þessu tagi. Hann tekur sig því til og les af eljusemi sextíu framboðsgreinar sem birst hafa á síðum blaðsins undanfarna daga. Tilgangurinn er að afhjúpa frásagnarfræði þessa knappa forms. Í ljós kemur að flestar greinarnar eru steypar í svipað mót; í grófum dráttum er hægt að skipta efninu í hverri grein niður í þrjá meginþætti: (A) Staðreyndir um prófkjör, flokk eða frambjóðanda (flokkurinn þarf sterkan lista). (B) Mat á frambjóðanda (Y hefur tiltekna reynslu, stefnumál eða skoðanir). (C) Hvatning til lesenda (styðjum Y í Xta sæti). Í flestum greinanna er uppbyggingin beint af augum (ABC), í nokkrum greinum er röðinni hnikað til (BAC), og í stöku tilviki er fyrsta liðnum sleppt (BC). Algengast er að kjarninn í C sé jafnframt notaður sem fyrrisögn (Y í Xta sæti) en það er líka til í dæminu að kjarni B gegni því hlutverki (X er fulltrúi sjómanna).

Rannsóknin leiðir líka í ljós hvaða eiginleikar menn telja æskilegasta í fari íslenskra stjórnámálanna. Í þessum sextíu greinum finnur Þráinn um sjötíu jákvæð lýsingarorð. Fjörutíu þeirra koma reyndar bara einu sinni fyrir (m.a. heiðarlegur, ráðvandur, alþýðlegur, hrokalaus, greindur, þolinmóður, gáfaður, hugrakkur, ábyrgur og vandvirkur). Ellefu lýsingarorð koma fyrir tvisvar (s.s. einlægur, þróttmikill, áræðinn og farsæll), fjögur koma fyrir þrisvar (réttlátur, hæfileikaríkur, traustur og vandaður) og tvö koma fyrir fjórum sinnum (dugmikill og ungur). Í fjórum tilvikum eru frambjóðendur einnig lofaðir fyrir festu. Þá bregður orðunum duglegur og réttisýnn fimm sinnum fyrir í þessum greinum. Langalgengast er hins vegar að frambjóðendum sé hrósað fyrir reynslu og þekkingu (t.d. á sínu starfsviði eða sviði stjórnámálanna) eða fyrir að vera kraftmiklir og öflugir. Orðið öflugur er notað í ellefu tilvikum og orðin kraftur og kraftmikill samtals tíu sinnum. Þráinn ákveður að taka mark á þessum niðurstöðum.

Nokkrum dögum síðar birtist greinin hans í árdegisblaðinu. Hún hljómar eins og bílaauglýsing, Þráinn hælir vini sínum á hvert reipi fyrir að vera gæddur sömu eiginleikum og fjórhjóladrifinn fjallajoppi. Þegar að prófkjörinu kemur lendir lögfræðingurinn samt í næstneðsta sæti. Þráinn vonar að það sé ekki við hann að sakast. Þegar á allt er litið virðist honum að stuðningsgreinarnar séu álíka líklegar til að tryggja frambjóðendum brautargengi í kosningum og minningargreinarnar eru til að tryggja þeim látnu vist í himnaríki.

FLETTISKILTI

Flettiskiltið, líkt og nektardansmærin, vekur væntingar um það sem ekki er í augnsýn en verður afhjúpað von bráðar. Munurinn er þessi: Skiltið tínir af sér eina spjör, síðan aðra og loks þá þriðju sem aðeins afhjúpar þá fyrstu sem féll. Þannig getur sýningin haldið sleitulaust áfram; eilífur nektardans þar sem afhjúpuninni er sífellt slegið á frest.

Þráinn ekur um borgina í rígingunni, við honum blasa skilti af öllum stærðum og gerðum. Flest þeirra eru einskonar tákn, samsett úr táknmynd og táknmiði. Vegfarandinn sér táknmyndina með augunum (átta fermetra mynd af fiskibolludós), táknmiðið er vitund hans um tiltekna vöru (um tvö hundruð og fimmtíu grömm af fiskibollum í öllum betri nýlenduvöruverslunum). Hlutverk táknsins er að leiða okkur frá táknmyndinni til táknmiðsins, frá augnsýn til athafna. Næsta dag í stórmarkaðinum kinkar Þráinn kolli til fiskibolludósar. Hann kinkar líka ósjálfrátt kolli við kassann þegar hann rekst á manninn sem segir daglega veðurfréttir í sjónvarpinu. Sá er líka með fiskibollur í innkaupagrindinni. Þá Þráin dreymdi sama dagdraum í skiltaskóginum.

Í sumum tilvikum eru skiltin þó líkari vitum sem vísa sjófarendum til hafnar. Þetta á ekki síst við þegar fjarlægðin milli táknmynda og táknmiðs er hverfandi. Bíllinn er að verða bensínlaus, Þráinn skimar út um framrúðuna og sér til allrar hamingju skilti með táknmynd eins olúfélagsins. Táknmiðið (takmarkið) er í grenndinni. Og þar fram eftir götunum. Þarna er hótél. Í þessu húsi má kaupa gos. Þ vísar á bílastæði.

Öll alvöru skilti eiga sér stóran draum; þau dreymir um að eyða fjarlægðinni milli táknmyndar og táknmiðs, dreymir um að verða bókstaflega að sínu eigin táknmiði. Fyrirmynd þeirra er HOLLYWOOD skiltið í Bandaríkjunum. Nafn þessarar borgar er nefnt og Þráinn sér ekki fyrir sér hús eða götur heldur níu bókstafi í skógivaxinni fjallshlíð. Sú var tíðin að þessi draumur rættist aðeins um stundarsakir hjá einu og einu skilti. Þá birtust á því látlausar upplýsingar um hvert hægt var að hringja ef einhver hafði áhuga á að auglýsa þar. En nú eru aðrir tímar, tímar flettiskiltanna. Þau taka ekki bara rúm í borgarlandslaginu, þau taka líka tíma. Táknmyndir flettiskiltisins vísa ekki til táknmiða, ekki fyrst og fremst. Sérhver táknmynd vísar á næstu táknmynd, á næstu auglýsingu sem birtist á hverri stundu. Skiltið vísar á sig sjálft og þá dásamlegu tækni sem knýr áfram hinn eilífa frest.

Þráinn á sér líka stóran draum. Hann á sér draum um flettiskilti þar sem snúningshraði sérhvers myndflatar er ólíkur hraða allra annarra. Auglýsingarnar þrjár birtast ekki í heild, myndin er aldrei stöðug. Lóðréttar ræmurnar blandast saman á margvíslegan hátt, alltaf er einhver hluti myndarinnar að flettast. Tveir flækingar sitja á bekk í nágrenninu og virða fyrir sér síkvikar myndrúnirnar. Þeir eru að bíða. Þeir vonast til að sjá, þó ekki væri nema um stundarsakir, ræmurnar mynda heild.

KOFFÍN

Þráinn drekkur ekki kaffi en þegar hann heyrir smella í bréfalúgunni milli klukkan sex og sjö á morgnana er rétt eins og kaffilmur fylli vitin. Vitneskjan um dagblöðin í forstofunni nægir til að draga hann á lappir. Hann drekkur þau í sig með morgunmatnum, innlendar og erlendar fréttir koma blóðinu á hreyfingu, hann glaðvaknar yfir frásögnum af hörmungum og glæpum, fréttaskýringum og argaþrasi, slúðri og íþróttum. Að lestri loknum finnst honum að hann viti í hvaða heimi hann er staddur og sé í stakk búinn til að takast á við daginn.

Á leiðinni í vinnuna hlustar Þráinn á viðtöl við stjórnámálamenn og álitsgjafa á útvarpsstöðvunum. Hann kinkar kolli eða hristir hausinn á meðan hann bíður á rauðu ljósi. Stundum hitnar honum svo í hamsi að hann drepur á bílnum þegar hann ætlar að taka af stað. Vinnudagurinn í ráðuneytinu gengur sinn vanagang. Á meðan vinnufélagarnir standa upp til að fá sér kaffi situr Þráinn kyrr við tölvuna og kíkir inn á fréttavefina til að sjá hvort nokkuð markvert hafi gerst. Á heimleiðinni heldur dægurmálaumræðan áfram í útvarpinu, þar eru líka stuttar fréttir á heila tímanum. Um kvöldmatarleytið koma stærstu skammtar dagsins á útvarps- og sjónvarpsstöðvunum, hver ofan í annan, rótsterkir og örvandi: Fyrst hreinræktaðar fréttir og síðan lengri viðtöl og úttektir. Þegar hér er komið sögu er Þráinn eins og hengdur upp á þráð en þvert á alla skynsemi bíður hann spenntur eftir kvöldsopnum.

En allt breytist þetta í sumarfríinu. Þráinn kaupir flugfar fyrir þau Birtu suður á bóginn, þau leigja sér íbúð í litlu portúgölsku sjávarþorpi, fjarri skarkala heimsins, heimsækja ströndina dag og dag, en gera annars mest lítið. Þarna er ekkert sjónvarp og fréttirnar í útvarpinu óskiljanlegar, Þráinn sér ekki dagblöð svo dögum skiptir, hvað þá netmiðla. Fyrstu dagana sefur hann meirihluta sólarhringsins en þegar frá líður á hann erfitt með að koma sér fram úr á morgnana, hann leggur sig eftir matinn, fer snemma í rúmið.

Svo er það einn daginn að hann pantar sér kaffibolla á veitingastað, ósvikið brasilískt kaffi. Það er merkilega gott á bragðið en það sem kemur mest á óvart eru áhrifin. Hjartað fer að slá hraðar, maginn herpist saman, sviti sprettur fram og hugurinn glaðvaknar. Þessi áhrif þekkir hann vel.

Þegar heim kemur bíður stór bunki af dagblöðum eftir Þráni á forstofugólfinu. Hann les þriggja vikna skammt á einu kvöldi og er að sjálfsögðu andvaka fram eftir nóttu yfir hryllilegum tíðindum liðinna daga. Enn ein staðfestingin, hugsar hann, og fullmótar kenningu sem hann hefur verið að bræða með sér á liðnum vikum. Hún er á þá lund að fréttir, rétt eins og koffín, séu vanabindandi og örvandi efni sem varasamt er að ánetjast eða taka inn í of stórum skömmtum.

Smám saman renna líka upp fyrir honum þau heilsufarslegu rök sem þjuggu að baki því á sínum tíma að hafa enga sjónvarpdagskrá í júlí eða á fimmtudögum. Hann hallast meira að segja að því að hin svokallaða gúrku-tíð sé álíka holl fyrir heilsu forfallinna fréttafikla og grænmetið sem hún dregur nafn sitt af.

BONDBLAÐIÐ

Það fer ekki framhjá Þráni að ný kvikmynd um James Bond verður brátt sýnd í kvikmyndahúsum. Í morgun barst honum með árdegisblaðinu 32 síðna auglýsingakálfur, *Bondblaðið*, þar sem myndin er kynnt í bak og fyrir. Í ritstjórnargrein hvetur markaðsstjóri myndarinnar lesendur „til að geyma blaðið því það verður eigulegur minjagripur um ókomin ár“. Þráinn þarf ekki á slíkri hvatningu að halda. Hann er ekki aðeins mikill aðdáandi Bonds heldur áhugamaður um allt sem honum viðkemur.

Líkt og Umberto Eco hefur bent á eru allar frásagnirnar um Bond nútímalagar riddarasögur þar sem konungurinn (M) sendir hetjuna (Bond) af stað út í heim til að drepa drekann (líkamlega og eða andlega fatlaðan þorpara) og bjarga prinsessunni (Bond-stúlkunni og heiminum). Hetjan nýtur kynna við góðviljaðan hjálparamann (Q), sá lumar á töfragrip (t.d sprengipenna) sem skiptir sköpum í baráttunni við hin illu öfl. Í sjálfu sér er alltaf verið að segja sömu sögunna með litlum frávikum, ánægja lesandans og áhorfandans felst fremur í því að bera kennsl á það kunnuglega en að láta koma sér í opna skjöldu. Það hefur einnig orðið til fastmótuð formúla í kringum markaðssetningu Bond-kvikmyndanna. Á alþjóðavísu snýst hún ekki aðeins um kynningar og slúður, t.d. um hlutverkaskipan í næstu mynd, heldur einnig um viðamikla samninga við framleiðendur búnaðar sem James Bond kann að hafa þörf fyrir. Þessir samningar eru orðnir svo stór hluti verkefnisins að þeir fara langt með að greiða framleiðslukostnað hvernar nýrrar myndar.

Útgefendur *Bondblaðsins* hafa sitthvað lært af framleiðendum myndanna. Aðeins helmingur rýmisins er helgaður greinum um Bond. Afgangurinn er lagður undir auglýsingar, einkum frá íslenskum umboðsaðilum Bond-varnings. Þær gefa til kynna að Þráni nægi ekki að verja kvöldstund í bíósal til að setja sig í spor hetjunnar. Ef vel á að vera þarf hann að krækja sér í Visa-kort hjá bankanum, kaupa sér Philips-rakvél í heimilistækjabúðinni, drekka Finlandia-vodka og Bollinger-kampavín á barnum, velja íslensku Bond-stúlkuna á vef *Séð og heyrt*, prufukeyra Ford Focus hjá bíla-umboðinu og fylgjast með tímanum líða á Swatch-úri.

Þráinn sér aðeins tvo veika bletti á blaðinu sem afhjúpa muninn á James Bond og íslenskum tvíförum hans. Þetta eru auglýsingar um jólahlaðborð og rafmagnsverkfæri. Á meðan Bond bregður sér í spilavítið í Monte Carlo er Þráinn hvattur til að bóka sig tímalega í Þorláksmessuskötuna á hóteli í miðbæ Reykjavíkur. Og á meðan Bond dregur upp skammbyssu með hljóðdeyfi eru íslenskar eiginkonur (tvífarar Q) hvattar til að gefa bóndum sínum hleðsluborvélar. Þriðja auglýsingin, og sú athyglisverðasta, birtir síðan innsta eðli 007. Á henni má sjá rafhlöðu í smóking sem heldur á vasaljósi en textinn er svohljóðandi: „Energizer – Krafturinn að baki Bond“. Hér blasir við að nýsnari hennar hátignar er tvífari Energizer-kanínunnar sem endist og endist og endist og

MÓTMÆLANDI ÍSLANDS

Þráinn sér hann svo til daglega á götuhorni í austurbænum, mótmælanda Íslands, hvort sem hann á leið hjá í morgunsárið eða síðla dags, hvort sem úti er sól og blíða, rigning og rok, snjócoma og fjúk. Hann stendur þarna alltaf með sama skiltið með sömu knöppu skilaboðunum, áfellisdómi yfir íslenskum og bandarískum ráðmönnum vegna ábyrgðar þeirra á blóðbaði sunnar á hnettinum.

Eitt kvöldið fara þau Birta og Þráinn í bíó og sjá þar nýja heimildamynd um þennan aldraða mann sem vann sér það upphaflega til frægðar að sletta skyri á þingmenn þegar þeir gengu eftir messu í dómkirkjunni áleiðis til þingsetningar. Í myndinni segir mótmælandinn frá því að lögreglumenn hafi hvað eftir annað hirt af honum mótmælaspjöldin, meðal annars þegar hann stóð fyrir utan íslensk guðshús á sunnudögum og lét í ljós álit sitt á þjóðkirkjunni og frelsaranum sem hann kallar Krosslaf. Ljóst er að hann leggur mikla vinnu í hönnun þessara spjalda og að þau er gerð af naumum efnum. Framganga lögreglunnar hefur væntanlega orðið til þess að hann heldur sig núorðið alltaf á sama götuhorninu, fjarri miðbænum.

Mótmælastaða hans á þessum einkennilega stað rifjar upp fyrir Þráni viðbrögð yfirvalda við ýmsum öðrum mótmælendum á liðnum árum, til að mynda þeim sem birst hafa með spjöld sín framan við þinghúsið á þjóðhátíðardaginn. Þráni sýnist sem stjórnvöld séu því aðeins hlynnt mótmælendum að þeir láti lítið á sér bera. Hann óttast að hér sé á ferðinni sérstæður

skilningur á athöfnum frægustu mótmælenda Íslands á fundi með dönskum stjórnarherrum á nítjándu öld. Þegar Danirnir hugðust slíta fundi án niðurstöðu sagði leiðtogi Íslendinganna, Jón Sigurðsson: „Ég mótmæli þá í nafni konungs og þjóðarinnar þessari aðferð“. Aðrir Íslendingar stóðu upp og sögðu einum rómi: „Vér mótmælum allir.“ Síðan gengu þeir á dyr. Með því að fjarlægja íslenska nútímamótmælendur af vettvangi viðburða vill lögreglan líklega aðstoða þá við að feta í fótspor þessa hóps.

Það skiptir í raun ekki öllu máli hvaða skoðanir gamli maðurinn viðrar á mótmælaspjöldum sínum. Veigamestu skilaboðin sem felast í mótmælastöðu hans eru skráð í stjórnarskrána: „Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji ... Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar ... Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða ... Rétt eiga menn á að safnast saman vopnlausir.“ Mótmæli hans í austurbænum undirstrika að þessi ákvæði hafi ekki verið virt sem skyldi.

En Þráinn er sannfærður um að það standi allt til bóta; Íslendingar eigi eftir að rísa upp og láta rödd sína heyrast. Hann gerir sér meira að segja vonir um að innan fárra ára verði beinlínis gert ráð fyrir fólki með mótmælaspjöld við þinghúsið að morgni þjóðhátíðardagsins við hlið lúðrasveitarinnar. Og þá leggur forsætisráðherrann ekki bara blómsveig við veðraða eirstyttu Jóns Sigurðarssonar, mótmælenda Íslands # 1, heldur líka við aðra stytta, af mótmælenda Íslands # 2. Sú stytta verður með mótmælaspjald í annarri hendi og skyrdall og sleif í hinni.

STÓRI BRÓÐIR

Þráinn les um það í tímariti á tannlæknastofunni að hjónaleysin Kid Rock og Pamela Anderson séu að koma fyrir myndavélum á heimili sínu og ætli að senda þaðan út í gegnum áskriftarsjónvarpsstöð allan sólarhringinn. Fram kemur að Tommy Lee, fyrrverandi eiginmaður Pamelu, hafi einnig lýst yfir áhuga á að sjónvarpa lífi sínu með þessum hætti. Í annarri frétt segir að Anna Nicole Smith sé að setja á laggirnar eigin raunveruleikaþátt en auk hennar komi lögfræðingur fyrrsætunnar og aðstoðarmaður þar við sögu.

Þetta fólk virðist vera hluti af ört stækkandi hópi þekktra og óþekktra einstaklinga sem nýta sér tölvutæknina og sjónvarpið til að veita heimsbyggðinni hlutdeild í einkalífi sínu. Flestir láta sér nægja að setja upp einfalda heimasíðu með almennum upplýsingum um áhugamál, fjölskylduhagi og feril en þess eru líka dæmi að einstaklingar birti á slíkum vettvangi dagbækur, ljósmyndir af sér og sínum nánustu eða komi jafnvel fyrir kvikmyndavélum í öllum hornum heimilisins og sendi út í beinni á Netinu.

Þessi tegund fjölmiðlunar markar tímamót í þróunarsögu mannkynsins, ályktar Þráinn. Á síðustu tveimur öldum hafa fólksfjölgun, tækniframfarir, samfélagsþróun og alþjóðavæðing þrengt jafnt og þétt að tilvist einstaklingsins á Vesturlöndum. Jafnhliða hefur svonefnt einstaklingsfrelsi aukist stig af stigi. Skáldsagnahöfundurinn Milan Kundera segir að heimsstyrjöldin fyrri hafi verið úrslitaatburður varðandi umbreytingu heimsins í þessu tilliti

– sjálft orðið heimsstyrjöld lýsi „hryllingi fólks frammi fyrir þeirri staðreynd að þaðan í frá sé ekkert sem gerist á hnettinum staðbundið mál, að allar hamfarir snerta allan heiminn.“ Draumurinn um einingu mannkynsins merki í raun að enginn komist neitt. Kundera bendir á að margir skáldsagnahöfundar síðustu aldar hafi varpað ljósi á þessa þverstæðu nútímans. Honum er tíðrætt um Franz Kafka sem lýsir gjarnan í verkum sínum persónum sem eru fastar í gildru óskiljanlegs kerfis. Ein frægasta persóna Kafka er K., sakborningur réttarhaldanna í samnefndri sögu. Hann gefur Kundera tilefni til að spyrja eftirfarandi spurninga: „Hver er munurinn á einkalífi og opinberu lífi ef K. losnar aldrei við sendimennina tvo frá höllinni, ekki einu sinni þegar hann er að elskast uppi í rúmi? Og fyrst svona er komið, hvað er þá einvera? Byrði, örvænting, bölvun, eins og reynt hefur verið að telja okkur trú um, eða þvert á móti það dýrmætasta sem til er og alltumlykjandi samfélagið er að murka lífið úr?“

Þráni þykir athyglisvert að Kid, Pamela, Tommy Lee og Anna Nicole svara þessum spurningum með öðrum hætti en Kundera á von á. Þau líta ekki á sig sem fórnarlömb. Þau bókstaflega þrá að opinbera einkalíf sitt. Í þeirra huga jafngildir einveran sjálfseyðingu. Þau eru fulltrúar þeirrar sérstöku tegundar manna sem Þráinn freistast til að kalla *homo narcissus vulgaris* – fólks sem hreiðrar um sig í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum nútímans og hrópar: Stóri bróðir, horfðu á mig! En hann býður ekki í grun að innan fárra ára verði hann sjálfur kominn í þennan sama hóp, ásamt flestum sem hann þekkir.

FYRIR OG EFTIR

Sígildasta frásögnin í auglýsingum samtímans byggir á fyrir-og-eftir-formúlunni. Hún samanstendur af þremur frásagnarliðum: (1) Neytandi líður skort. (2) Auglýsandi bætir úr skorti. (3) Neytanda líður betur. Misjafnt er á hvaða frásagnarlið er lögð mest áhersla en dæmigerðasta framsetningin felst í tveimur hliðstæðum myndum sem sýna muninn á söguhetjunni í upphafi og lok sögunnar (jafnmikil áhersla er lögð á frásagnarliði 1 og 3).

Þráinn fær sendan heim auglýsingabækling fyrir próteindrykk. Framan á bæklingnum eru fjórar ljósmyndir. Vinstra megin er annars vegar mynd af akfeitum, fýlulegum karlmanni sem er ber að ofan og hins vegar mynd af holdugri, léttklæddri konu með dökkt, úfið hár. Hægra megin er mynd af sama karlmanni í stuttbuxum. Hann er vöðvastæltur og brosir breitt, enda stendur ung stúlka í sundfötum við hlið hans. Fyrir neðan er önnur mynd af dökkhærðu konunni. Hún hefur greitt sér, fengið sér nýjar buxur, litríkan sóltopp og laglegan hund, og er að sjálfsögðu orðin grönn og spengileg. Þetta eru dæmigerðar fyrir-og-eftir myndir, útskýrir Þráinn fyrir Birtu en henni finnst hins vegar sem þær segi fyrst og fremst sína sögu um kynhlutverk í samtímanum: Ef þú ert karl og drekkur próteindrykk grennistu og krækir í kærustu, ef þú er kona og drekkur próteindrykk grennistu og eignast hund.

Um kvöldið sest Þráinn niður framan við sjónvarpið. Á dagskránni finnur hann tvo þætti sem báðir byggja á fyrir-og-eftir formúlunni. Í öðrum

ráðast þáttagerðarmennirnir í andlitslyftingu á miðaldra konum, í hinum í viðgerðir á úr sér gengnu húsnæði. Þráinn hefur heyrt fólk gagnrýna þetta efni fyrir að vera lítt dulbúnar auglýsingar fyrir byggingarvöruverslanir og þá sem hafa atvinnu af februnaraðgerðum. En honum þykir það engin goðgá. Fjölmiðlar eru alltaf að flytja fregnir af því hvernig hægt sé að streitast á móti þeirri óumflýjanlegu hrörnun sem herjar á allt og alla. Er hægt að hugsa sér fegurra ævintýri?

Þráinn veit líka að fyrir-og-eftir-formúlan á sér langa hefð í vestrænni menningu, líkt og sögunnar um litla ljóta andarungann og prinsessuna og froskinn eru dæmi um. Hún snýst um draum okkar um að vera önnur en við erum, að snúa við hjóli tímans, þrá okkar eftir ódauðleikanum. En formúlan á sér líka aðrar og átakanlegri birtingarmyndir í bókmenntasögunni. Nær-tækt er nefna skáldsöguna *Myndin af Dorian Gray* eftir Oscar Wilde en Þráni er hugstæðari sena úr leikriti Shakespeares þegar Hamlet Danaprins hand-leikur höfuðkúpu Jóríks og ávarpar hana með þessum orðum:

„Æ vesalings Jórík; ég þekkti hann, Hóras, taumlaus galgopi, og fyndinn svo af bar; hann hefur borið mig á bakinu þúsund sinnum; og nú, mig hryllir við að hugsa til þess, ég fæ velgju af því. Hér hengu varirnar, sem ég hef kysst, ég veit ekki hvað oft. Hvar eru nú háðsglósurnar? ærslin? söngvarnir? öll þau leiftur af spaugi sem vöktu þrumandi hlátrasköll kringum borðið? Er ekki eitt eftir, til að hæðast að þínu eigin glotti? eilíf munnherkja? Gakktu þig nú til dyngju frúarinnar, og seg henni, að þótt hún maki sig þumlungs þykkum farða, þá eigi hún þennan fríðleik í vændum; komdu henni til að hlæja að því.“

TRÚARJÁTNINGIN

Þráinn hamast í hálförökkrinu á svörtu trimmhjóli ásamt tveimur tugum karla og kvenna. Hann hjólar eins og hann eigi lífið að leysa undir stjórn ungrar stórbeinótttrar konu sem aldrei blæs úr nös. Hún básúnar fyrirskipanir sínar út í salinn sem er þegar barmafullur af tónlist: Standa upp ... setjast ... þyngja ... þyngja betur ... hægri ... vinstri .. spenna magavöðvana.

Í þessum þrönga æfingasal sýnir neyklusamfélagið sitt rétta andlit. Líflaus kæti trommuheilans tryggir hámarksafköst, hjartsláttur hvers og eins rennur saman við öran bassataktinn. Krafan um aukna hagræðingu hefur borið glæsilegan árangur með þessu fyrirkomulagi. Hér sitja allir á sama stað en eru samt að ferðast; fitubrennsla og svitaústreymi á fermetra eru til fyrirmyndar.

Ósjálfrátt rifjast upp fyrir Þráni saga af fiskifræðingnum, vini hans, sem fór til Noregs í framhaldsnám. Lokaverkefni hans var ræktun á steinbítum í kerjum. Vandinn við að ala steinbít, sagði vinurinn þegar þeir ræddu þetta einhverju sinni, er að steinbítur er botnfiskur, hann vill halda sig niðri við botninn. Þess vegna nýttust kerin afar illa, til að byrja með, eða þangað til mér datt í hug að setja hillur í þau. Og það þrælvirkaði. Hver steinbítur fann sér sína hillu og þegar upp var staðið fékk ég fleiri kíló upp úr hverju kerri en ef ég hefði verið að rækta lax.

Og nú er Þráinn búinn að finna sína réttu hillu. Hann horfir á sjálfan sig í gljáfægðum spegli. Sú var tíðin að hann taldi speglana í líkamsræktar-

stöðvunum vera gróðrarstíur hégómans, allt þetta spengilega fólk ástfangið af eigin spegilmynd. En því er þveröfugt farið í þessum speglasal. Það er sama hvað Þráinn hamast, hjólið færir hann ekkert nær tvífaranum í speglinum. Spegilmyndin öðlast þvert á móti sjálfstætt líf, hún er líkt og vélarhluti á stöðugri hreyfingu, utanaðkomandi skuggamynd sem Þráinn horfir á til að gleyma þeirri líkamlegu kvöl sem hann hefur keypt svo dýru verði.

Ég veit að ég er neytandi, þræll hagvaxtar og nýrrar tækni, tuldrar hann í sveittan barminn. En ég er hvergi meiri neytandi en einmitt hér. Hingað kem ég til að losna við byrðar sjálfrar neyslunnar. Ég neyti, bætir hann andstuttur við, eins og hann sé að fara með trúarjátningu, síðan afneita ég, krosslafur á þessari svartlökkudu járngrind.

.

LJÓSVAKAMIÐILL

Þráinn ekur austur fyrir fjall á myrku rigningarkvöldi. Hann getur ekki annað en brosað yfir þættinum sem hljómar í útvarpinu. Stundum hlær hann meira að segja upphátt, einn með sjálfum sér, þótt hann viti mætavel að til þess sé tæplega ætlast. Að vísu gefur viðkomandi útvarpsstöð sig út fyrir að vera brosandi útvarp – þar ræður hressileikinn ríkjum mestan hluta dagsins – en þessir kvöldþættir eru í öðrum og alvarlegri anda. Við hljóðnemann situr þrautreyndur miðill, dagskrárgerðin snýst um að hlustendur hringi inn til að komast í samband við framliðna ættingja og vini. Yfirleitt líður ekki á löngu þar til miðillinn segist hafa orðið var við einhvern fyrir handan, hann kannar varfærnislega hvort sá sem er á línunni kannist við viðkomandi og flytur síðan skilaboð á milli lífs og liðinna.

Þættir af þessum toga eru ekki nýir af nálinni. Á fyrstu árum ríkisútvarpsins voru haldnir miðilsfundir í útvarpssal undir stjórn skyggnrar konu. Útvarpsstjórinn var sannfærður spíritisti og fannst þetta kjörið útvarpsefni. Á þessum tíma þótti í sjálfu sér stórmerkilegt að hægt væri að senda tal og tónlist eftir öldum ljósvakans landshornanna á milli og í raun var það aðeins örlítil útvíkkun á því kraftaverki að ná sambandi við annan heim. Miðillinn var spíritískt viðtæki inni í elektrónískum viðtækjum landsmanna.

En hvað er það við miðilssambandið í útvarpinu sem kallar fram bros á vörum Þráins? Ekki er það vantrúin. Líkt og stór hluti þjóðarinnar býr hann að persónulegri reynslu sem veldur því að hann útilokar ekki að hægt sé að

ná sambandi við látna einstaklinga. Nei, það er fremur hin einkennilega tegund fjölmiðlunar sem þarna á sér stað sem vekur kæti í brjósti hans. Raunin er sú að samtal miðilsins við þann sem hringir inn hverju sinni á ekkert erindi við aðra en þá tvo. Ólíkt því sem á sér stað þegar sérfræðingar svara spurningum um þunglyndi eða kynlíf eru þær upplýsingar sem þarna eru til umræðu svo persónubundnar að enginn annar en hlustandinn á línunni getur haft not af þeim: Hefurðu einhvern tímann verið viðloðandi byggingar? Hann segir að þú þurfir að fara varlega í þessu sem þú ert að gera og snertir á einhvern hátt byggingar. Áttarðu þig á því? Þeir sem hlusta á viðtækin standa fyrir utan þetta samband, þeir eru einfaldlega áheyrndur að einkasamtali sem kemur þeim ekkert við.

Það sem Práni þykir athyglisverðast við þessa dagskrárgerð er að gagnvart almennum hlustendum snýst hún ekki um kveðjur og ráð að handan heldur það hvort miðillinn sé vanda sínum vaxinn. Hvert nýtt símtal er spennandi prófraun sem getur fært sönnur á miðilshæfileika mannsins við hljóðnemann (og jafnvel ódauðleika sálarinnar) eða afhjúpað hann sem fúskara eða svikahrapp. Miðillinn sjálfur er að þessu leyti eiginlegt viðfangsefni þáttanna. Þau tvöföldu boðskipti sem þarna skerast – annars vegar á milli lifenda og dauðra og hins vegar á milli miðilsins og hlustenda – kitla af einhverjum ástæðum hláturtaugarnar þegar Práinn ekur yfir Helligheitu í haustmyrkrinu. Honum finnst hann skynja, betur en nokkru sinni fyrr, að Marshall McLuhan hafði á réttu að standa þegar hann lýsti fjölmiðlum samtímans með orðunum: The medium is the message.

SYSTIR SÍÐDEGISBLAÐSINS

Í gúrkútíðinni, sumarið sem Þráinn vann á síðdegisblaðinu, var burstaklipptur stjörnublaðamaður sendur út af örkinni til Amsterdam. Ritstjórnarnir stóðu í þeirri trú að þar leyndist rauðasta hverfið í gervallri Evrópu, að borgin væri höfuðvígi eiturlyfjabaróna og melludólga, kjörin uppspretta æsifrétta af mykraverkum handrúkkara og nautnalegu skaki súludansara.

Þetta var á þeim tíma þegar lesendur biðu enn í ofvæni eftir því hvort næsta fréttaskeyti utan af landi fjallaði um tvíhöfða lamb, grassprettu eða landamerkjadeilur, á þeim tíma þegar blaðamenn þurftu að leita út fyrir landsteinana til að skapa þá gotnesku stemningu sem er nú orðið daglegt brauð í íslenskum fjölmiðlum. Stjörnublaðamaðurinn reikaði í nokkra daga milli götuhorna, gistiheimila og öldurhúsa og þegar hann rakst á mann með lífsmarki dró hann upp úr brjóstvasanum ljósmynd af sakleysislegri stúlku, kynnti hana sem systur sína og spurði viðmælandann hvort hann kannaðist við andlitið. Ljósmyndari læddist í humátt á eftir og myndaði Íslendinginn á tali við þessi óskabörn ógæfunnar. Svo var flogið aftur heim.

Næstu daga birtist í blaðinu greinaflokkur undir yfirskriftinni: Síðdegisblaðið leitar að systur sinni í Amsterdam. Þar sagði blaðamaðurinn frá ferðalagi sínu til stórborgarinnar, oft var það nóturleg lesning en það merki-legasta var það stílbragð höfundar að tala um sjálfan sig í þriðju persónu. Hann notaði aldrei persónufornafnið *ég* í greinunum, og ekki einu sinni *blaðamaður*, heldur vísaði hann alltaf til sín með nafni blaðsins. Það var

síðdegisblaðið sem viðraði sig upp við dyravörð nektardansstaðar í hliðargötu, dró upp ljósmyndina og spurði manninn hvort hann hefði séð systur síðdegisblaðsins. Þráinn var enn blautur á bakvið eyrun og það var ekki laust við að honum þætti stjörnublaðamaðurinn vera karl í krapinu. Engu að síður fannst honum aðferð hans við að persónugera blaðið í greinaflokknum um Amsterdam mitt á milli þess að vera myndin og hlægileg. Hún olli því að það var ekki hægt að taka neitt það sem í greinunum stóð nógu alvarlega.

Þessi reynsla er líka ástæða þess að Þráinn hrekkur alltaf við þegar leiðarahöfundur árdegisblaðsins vísar til sín í þriðju persónu, ekki sem ritstjóra eða ritstjórnar, heldur einfaldlega sem árdegisblaðsins. Lesendum er tjáð að árdegisblaðið fagni einhverju, að árdegisblaðið hafi ekki skilið eitthvað, því sé eitthvað ljóst, það hafi efasemdir, leyfi sér að halda einhverju fram, jafnvel að árdegisblaðinu myndi ekki detta eitthvað í hug. Hér er auðvitað um ævafornt stílbragð að ræða sem getur verið afar áhrifaríkt sé því beitt af lagni. Það kann að gefa orðum manns aukið vægi að tala í nafni völdugs fyrirtækis, hugsjónar, flokks eða kirkju. En það getur líka dregið úr gildi orðanna. Þannig stendur Þráinn sig að því að spyrja eftir lestur slíkra leiðara: Hver er árdegisblaðið? Er um að ræða fastmótaða hugmyndafræði, skáldsagnapersónu sem hópur höfunda hefur skapað á löngu tímabili eða retóríska grímu sem menn bregða upp í stað þess að segja *ég*, við eða *ritstjórnin*? Eða er kannski um að ræða miðaldra mann með pólitískt nef sem tekur sig til einn daginn og fer að leita að systur sinni í Amsterdam?

LITID Í EIGIN BARM

Augu hans byrja að opnast þegar hann sér auglýsinguna innan á skáphurðinni. Þráinn er að verða of seinn í hjólatíma og tínir af sér spjarirnar í flýti. Hann lítur í kringum sig og sér að sama auglýsing hefur verið límd innan á allar aðrar skáphurðir í búningsklefanum. Þetta er auglýsing frá veitingastað í miðbænum; hugmyndin væntanlega sú að þeir sem rækti líkamann séu ginkeyptir fyrir góðum mat – hafi efni á nokkrum kalóríum.

Og nú eru augu hans opin fyrir öllu umhverfinu. Þegar hann kemur fram í æfingasalinn veltir hann fyrir sér hvert fermetraverðið sé fyrir þessar flennistöru vegguglýsingar sem hvarvetna blasa við. Þar eru meðal annars auglýsir farsímar, kvikmyndir og gostegundir. Þarna er meira að segja að finna ábendingu frá tóbaksvarnarráði. Það er ekki fyrr en Þráinn kemur inn í hjólasalinn að hann fær frið fyrir þessu auglýsingaflóði. Þar inni eru speglarnir frekastir á veggplássið. Leiðbeinandinn býður góðan dag, tíminn hefst og Þráni gefst tóm til að velta fyrir sér hvað allar þessar auglýsingar merkja.

Upp í hugann kemur tímaritsgrein um fjölmiðla eftir Ævar Kjartansson. Þar er bent á að fjölmiðlar eru ekki bara að bjóða lesendum, hlustendum eða áhorfendum upp á tiltekið efni heldur er einnig verið að veita auglýsendum aðgang að tilteknum hópi neytenda. Ef gengið er út frá þessari skilgreiningu er líkamsræktarstöðin fjölmiðill. Ekki er nóg með að hún selji hópi fólks aðgang að áhöldum, leiðbeinendum, búningsklefum og böðum heldur selur hún líka auglýsendum athygli viðskiptavina sinna.

Um það leyti sem Þráinn kemst að þessari niðurstöðu lítur leiðbeinandi inn brosandi yfir kófsveittan hópinn, lyftir drykkjarflöskunni sinni og segir, eins og alltaf í lok hvers tíma: Skál í Gatorade! Það vantar bara að hann bæti við að tíminn hafi verið kostaður af framleiðanda drykkjarins. Þráinn lítur í spegilinn og honum bregður í brún. Á öðrum hvorum hjólhesti má sjá lifandi auglýsingar fyrir ýmis fyrirtæki eða varning; fólk í stuttermabolum sem merktir eru í bak og fyrir. Síðan lítur Þráinn í eigin barm. Hann er í bolnum sem hann fékk í síðasta maraþonhlaupi. Framan á bringunni eru átta bókstafir, vörumerkið Gatorade.

FRÍMERKI

Práinn er þrautseigt skúffuskáld og einn daginn, þegar lítið er að gera í skjaladeild ráðuneytisins, fær hann hugmynd að stuttri smásögu. Söguþráðurinn er giska einfaldur: Aðkomumaður kemur með blauta regnhlíf inn á gult pósthús við aðalgötu lítils sjávarþorps í Portúgal. Hann er utanbæjarmaður, með giftingarhring á baugfingri og ekki vel heima í mállýsku innfæddra. Þegar hann ávarpar ungu svarthærðu stúlkuna bakvið glerið (hún hlýtur að heita María) notar hann orð sem hann telur í mesta lagi vingjarnlegt en hefur innilegri merkingu meðal heimamanna. Reyndar á Práinn erfitt með að ákveða um hvaða orð er að ræða en hallast að því að maðurinn segi *elskan mín* þegar hann meinar *vina mín*.

Vitanlega eru einhverjir viðstaddir þegar þetta gerist; kannski gömul kona með frímerki á tungunni og sköllóttur póstmeistari sem spennir greipar og snýr þumlum. Á augabragði ímynda þessi tvö vitni sér sérhvert óheilla-skref í forboðnu sambandi gifta mannsins og stúlkunnar. Práinn telur óþarfi að þreyta væntanlega lesendur sína með þessum smáatriðum; þeir hljóta að sjá í hendi sér hvernig gamla konan og póstmeistarinn afklæða aðkomumanninn í huganum, hann er loðinn á öxlum, stúlkan er sofandi, lakið í reiðuleysi á gólfinu.

Það sem Práinn hefur mestan áhuga á að lýsa er hvernig þetta eina orð, þessi örlitli blæbrigðamunur sem aðkomumanninum er alla tíð ókunnugt um, ýtir af stað raunverulegri atburðarás í litla þorpinu, felur í sér hvers-

dagslega harmsögu sem lesandinn hlýtur reyndar líka að hafa á valdi sínu. Spurningin er hvort hann láti staðar numið við skilnað aðkomumannsins og konu hans eða drekki Maríu, kvalinni af óverðskuldaðri skömm, í smábátahöfninni.

Þegar Þráinn hefst handa við skriftir eftir kvöldmat dvelst honum við senuna í pósthúsinu. En hann uppgötvar fljótlega að hann má alls ekki upplýsa hvaða orð maðurinn notar þegar hann ávarpar stúlkuna. Það er ósegjanlegt. Þráinn er sannfærður um að lesandinn hafi enga þörf fyrir söguna þegar hann veit þetta lykilorð. Hann fer þess vegna í kringum það, heldur því leyndu fram yfir sögulokin og þegar sagan birtist loksins, í jóla-bláði vikurits um efnahagsmál, áttar enginn sig á um hvað hún fjallar.

NAFLI NELLYAR

Þráinn er að lesa árdegisblaðið þegar hann rekur þar augun í ljósmynd af forsiðu breska tímaritsins *FHM* (sem hét upphaflega *For Him Magazine*) með kanadísku söngkonunni Nelly Furtado í aðalhlutverki. Í fréttinni sem fylgir myndinni kemur fram að söngkonan sé fokvond út í ritstjóra *FHM*. „Á myndinni skartar Furtado berum maganum og í fyrirsögn segir að um sé að ræða kynþokkafyllstu mynd sem birst hafi af söngkonunni. Furtado segir hins vegar að í myndatökunni hafi hún verið klædd skyrту og miðhluti einhverrar annarrar konu hafi verið fluttur með stafrænni tækni á myndina af sér.“

Fréttin minnir Þráin á byrjunina á *Bókinni um hlátur og gleymsku* eftir Milan Kundera. Þar er lýst hvernig ljósmynd af tékkneska kommúnistaleiðtoganum Klement Gottwald og nánustu samstarfsmönnum hans á svölum barokkhallar í Prag var breytt árið 1952 þegar einn í hópnum, Clementis, féll í ónáð og var hengdur. Clementis var einfaldlega þurrkaður út af myndinni, rétt eins og úr sögubókunum – þar sem hann „stóð áður sést nú aðeins auður veggur“. Myndin gefur Kundera tilefni til að ræða um baráttu mannsins gegn yfirvöldum sem baráttu minnisins gegn gleymskunni.

Myndin af Nelly Furtado gefur Þráni með hliðstæðum hætti tækifæri til viðtækra ályktana. Honum detta í hug fjórar tilgátur sem samræmast misvel hver annarri: (1) Pólitísk: Fjölmiðlar steypa öll viðfangsefni í sama mót. (2) Heimspækileg: Barátta mannsins gegn fjölmiðlum er baráttu nektarinnar

gegn afhjúpuninni. (3) Fagurfræðileg: Forsíður glanstímarita eru nútímalegir íkonar sem lúta fastmótuðum lögmálum; nafli er eins nauðsynlegur á mynd af söngkonu og geislaaugurinn er á mynd af madonnunni. (4) Sálfræðileg: Mynd af konu á forsíðu kveikir ekki girnd karlkyns lesenda nema þar sjáist í bert hold.

Fjórða tilgátan rímar við pistil sem Þráinn hefur nýlega lesið á Netinu þar sem athygli er vakin á hve orðið *kynlíf* skýtur oft upp kollinum á forsíðum íslenskra glanstímarita, iðulega í samhengi við annað fyrirbrigði veruleikans (Matur og kynlíf, *Kynlíf á jólum*, o.s.frv.). Svo virðist sem ritstjórnarnir séu sannfærðir um að umfjöllun um kynlíf eða kynlífsvandræði sé forsenda þess að lesendur fái á þeim áhuga. Pistlahöfundurinn skoraði á ritstjórnana að sýna meiri frumleika og fjölbreytni í efnistöku en hér er viðramman alþjóðlegan reip að draga. Fyrir nokkrum mánuðum sló tímaritið *Time* öll met með sérstakri úttekt á kynlífi örvhentra. Hvað ætli sé næst? hugsaði Þráinn þá með sér: *Kynlíf fyrir handan?*

STELLING DAGSINS

Undanfarið hefur Þráinn rekist á röð blaðaauglýsinga frá hugkvæmum innflytjanda sem hefur tekið upp á þeirri nýbreytni að auglýsa á hverjum morgni tiltekið vörumerki með teikningu af stellingu dagsins. Herferðinni er fylgt eftir með útvarpsauglýsingum þar sem ástsæll leikari lýsir ítarlega hvernig fólk eigi að koma sér í viðkomandi stellingu. Hann mælir jafnvel með tónlist við hæfi og gefur til kynna æskilegan takt með því að lesa orðin *upp* og *niður* af vaxandi ákafa áður en fram kemur hvaða fyrirtæki býður upp á stellingu dagsins. Svo gerist það einn daginn, þegar Þráinn er að aka kornungri bróðurdóttur sinni í fimleikatíma, að hún hlýðir hugfangin á slíka lýsingu á sleðastellingunni. Það sem eftir er ferðarinnar furðar hún sig á hversu hratt ætlast var til að fólkið færi upp og niður sleðabrekkuna.

Þessar auglýsingar vekja tilætlað fjaðrafok – hneykslun í lesendabréfum, kaldhæðnislegan pistil í menningarkálfi árdegisblaðsins, ályktun í útvarpsráði, jafnvel umræður í sjónvarpi um klámvæðingu samfélagsins. En Þráinn lætur sér fátt um finnast; hann telur víst að innan fárra vikna sjái smokka-innflytjandinn vörumerki sínu borgið í bili og láti deigan síga. En því er ekki að heilsa.

Dagarnir líða og svo virðist sem auglýsingaherferðin hafi komið af stað Kama-Sutra-bylgju sem fer um íslenskt samfélag eins og dásamlega langdreginn vellíðunarskjálfti. Fyrir en varir hafa atvinnulausir háskólanemar opnað vefinn www.stelling.is í von um að sala auglýsinga dekki kostnaðinn.

Símafyrirtæki sjá sér hag í að bjóða viðskiptavinum að fá daglega skilaboð með lýsingu á spennandi stellingum ásamt viðeigandi hringitönnum. Unglingabáttur í sjónvarpi efnir til samkeppni um listrænustu stellingar ársins og fer úrslitakeppnin fram með pompi og prakt á ylströndinni í Nauthólsvík. Prentmiðlarnir láta ekki sitt eftir liggja heldur yfirheyra landsþekkta einstaklinga um eftirlætisstellingarnar. Framtakssamir hjúkrunarfræðingar auglýsa námskeiðið: Hjálp í stellingum. Glanstímarit fá stjórnufræðinga til að lýsa þeim stellingum sem eiga best við pör úr ólíkum stjórnumerkjum og í einu þeirra birtist umtalað viðtal við ungan varaþingmann undir yfirskriftinni: *Set mig aldrei í trúboðsstellingar.* Lesendur verða fyrir vonbrigðum þegar í ljós kemur að viðtalið fjallar ekki um einkalíf viðkomandi heldur einkarétt ríkisins á sölu áfengis.

Þannig tifar tíminn, í alltof hröðum takti, þar til hámarki er náð. Þráinn vaknar upp við að sumarið er á enda, heimsóknnum á www.stelling.is fer hríðfækkandi og sala á verjum fellur aftur niður í eðlilegt horf. Um nokkurra daga skeið er eins og allur vindur sé úr þjóðinni. En þá birtast nýjar blikur á lofti. Og Þráinn er að sjálfsgöðu reiðubúinn til að setja sig í nýjar stellingar.

.

Á LJÓSUM

Volvoinn hans Þráins er kyrr á rauðu ljósi á gatnamótum í austurbænum. Fyrir framan hann er annar bíll, blár á lit. Svo kemur grænt en konan sem ekur bláa bílnum fer svo seint af stað að Volvoinn rétt sleppur yfir á gulu. Aftur lendir Þráinn fyrir aftan bláa bílinn á næstu ljósum. Það kemur grænt en konan er með hugann við aldraða mótmælandann sem stendur þarna á götuhorninu. Tíminn er að renna út og Þráinn ræður ekki við sig. Hann ýtir á flautuna. Bíííb. Og hvað gerist? Jú, konan stígur út úr bílnum sínum, gengur rólega í áttina til Þráins, bankar í rúðuna og spyr blíðlega: Vildirðu tala við mig?

Atvikið staðfestir hve bílaflaut er órætt ták. Rétt eins og önnur boðskipti ræðst merkingin af því á hvaða þátt þeirra við leggjum áherslu. Ef einblínt er á sendandann, bílstjórann sem flautar, getur bílflaut verið tjáning á tilfinningum. Bíííb getur með öðrum orðum merkt: Ég er óþolinmóður. Ef athyglin beinist að viðtakandanum, bílstjóra hins bílsins, getur bílflautið haft það tilgang að móta gjörðir hans eða hennar. Bíííb getur merkt: Aktu af stað. Ef hugað er að samhengi boðanna, bílum á gatnamótum, getur bílflaut miðlað hlutlægum upplýsingum. Bíííb getur merkt: Það er komið grænt ljós. Ef staldrað er við sjálfan miðlinn, hljóð sem er nógu hátt og hvelld til að berast frá einum bíl til annars, getur bílflaut haft þann tilgang helstan að koma á sambandi á milli tveggja bílstjóra. Bíííb getur merkt: Það er bíll hérna fyrir aftan þig. Loks ef hugað er að boðunum sjálfum, tónum

flautunnar, getur bílflaut verið fagurfræðilegur gjörningur. Bííííb getur merkt: Einhver er að flauta.

En konan í bláa bílnum túlkar ekki boðin frá Þráni eftir þessum leiðum. Hún er ljóslega með hugann við þann þátt boðskiptanna sem enn er ónefndur, það er að segja sjálft táknkerfið. Gallinn er sá að bílflaut er fremur frumstætt tákn og hefur takmarkað skýringargildi, engin traust hefð er fyrir því hvernig túlka beri stutt flaut eða löng, stakt flaut eða röð flauta. Þess vegna krefst flautið gjarnan nánari skýringar, helst á öðru og fullkomnara táknkerfi. Bííííb getur, með öðrum orðum, merkt: Talaðu við mig.

Vildirðu tala við mig? spyr konan aftur. Þráinn hreytir einhverju út úr sér, segist hafa viljað vekja athygli á að það væri komið grænt ljós og því verið tímabært að aka af stað. Hann leggur með öðrum orðum áherslu á upplýsingagildi og áhrifagildi boðanna. Konan brosir bara og gengur aftur að bílnum sínum. Það er komið rautt þegar hún sest aftur í bílstjórásætið. Þau Þráinn bíða saman eftir næsta græna ljósi. Það er ekki laust við að hann dáist að henni fyrir að vera svona yfirveguð en hann er grautfúll út í sjálfan sig. Auðvitað hefði hann átt að svara hinni einföldu spurningu konunnar fumlaust játandi. Síðan hefði hann getað horft í augu hennar og sagt, eins og ekkert væri sjálfsgæðara: Bííííb.

FRYSTIKISTA

Þau hjónin eiga von á gestum í mat. Birta stendur yfir pottum, Þráinn horfir með öðru auganu á sjónvarpið á milli þess sem hann leggur á borðið. Það er bingóþáttur í beinni, umsjónarmaðurinn leikur hljóm á orgel, trommuheili hamast við að halda takti, gestir í sjónvarpssal bogra yfir spjöldunum sínum, í bakgrunni eru hillur með leikföngum, hrísgrjónasekkjum, rafmagnstækjum, golfkylfa á lofti, umsjónarmaðurinn á þönum, hann glennir sig framan í myndavélina, þarna er reiðhjólagaðfall með gjörð sem skreytt er ljósmyndum af vinningsbilunum, og hér höfum við konuna, sæl Þóra, þú ætlar að láta tattúvera á þig mynd meðan á þættinum stendur, tíminn er naumur og margir vinningar bíða þess að ganga út, já, hún Þóra hérna ætlar að láta tattúvera á sig mynd af frystikistu, ég hef aldrei séð aðra eins frystikistu, syngur umsjónarmaðurinn og stekkur af stað á nýjan leik, leikur annan hljóm á orgelið og það er fyrsta talan, talan sjö sem George Best var alltaf með á bakinu, og svo voru dvergarnir sjö líka sjö auðvitað, gestirnir í salnum líta á bingóspjöldin sín, gestir heima í stofu kanna hvort þeir hafi sjö á sínum spjöldum, og hér er ný tala, talan fjórtán, fjórtán og sjö, 1407, var það ekki árið sem svartu dauði bankaði upp á, aðstoðarmaður einhvers staðar á þönum, án þess að hafa annað hlutverk en að vera ávarpaður og slá taktinn þegar á þarf að halda og er einhver kominn með bingó, nei, það er kannski of snemmt en það er samt ekki eftir neinu að bíða, vinningarnir alltof margir fyrir þennan hálf tíma, hér er allt fullt af drasli og það er okkar

hlutverk að koma því út, segi það og skrifa, punktur, basta, bingóspjöldin eru ókeypis á netinu og engin núll, og hér er ný tala, sex, tala sem segir sex, ekki bara einu sinni heldur tvisvar, sextíu og sex, og hvað heyrir ég, jú vinningshafinn er á línunni, hvað heitir þú vinur, Jónas, til hamingju, þú hefur unnið bíl, reiðhjólagaftallinn bíður hérna sallarólegur, hvað á ég að snúa gjörðinni hratt, mjög hratt segirðu, hvað ertu gamall, Jónas, fjórtán ára segirðu, þú ert svolítið ungur ennþá en færð bara pápa þinn til að keyra næstu tvö árin og hér eru sárabætur, tölvuleikur, og svolítið af hrísgrjónum, tuttugu kíló og nammi líka, og það var rakspíri hérna einhvers staðar og þá er ekki að sökum að spyrja, tíminn næstum því á þrotum og bara eitt eftir og það er að kíkja hingað baksviðs og sjá hvernig gengur að tattúvera frystikistuna á legginn á henni Þóru, þú hefur oft látið tattúvera þig áður, ekki satt, helvíti fin frystikista, já, og í verðlaun færðu auðvitað frystikistu, nema hvað, ertu ekki ánægð með það, aðstoðarmaður rúllar kistunni inn, hún er hvít eins og líkkista en svolítið stærri, sem betur fer, því ef við kíkjum hérna ofan í frystikistuna þá leynist þar aukaglaðningur, sjáum til, jú stendur heima, frystikistan er smekkkfull af pylsupökkum, örugglega hundrað pylsupakkar hérna, ertu ekki ánægð eða viltu meira, hérna er áttaviti og kaffivél og niðursoðnir ávextir og leikfangaskip handa krakkanum, meira að segja nefháraklippur og næsti dráttur að viku liðinni, ókeypis auðvitað allt saman, engin núll, nema kannski á milli 14 og 7, blandað í svartan dauðann og í sömu mund hringir dyrabjallann. Gestirnir eru komnir, Þráinn stekkur til og slekkur á sjónvarpinu.

ÓLYMPÍULEIKAR

Þráinn er ennþá barnslega spenntur fyrir Ólympíuleikunum, einkum þeim keppnisgreinum þar sem landar hans eiga vinningsvon. Skömmu áður en leikarnir miklu hefjast í Aþenu hringir hann í ágætan kunningja sinn sem er í landsliðinu í handknattleik. Erindið kemur Ólympíuleikunum ekkert við en undir lok símtalsins segir viðmælandinn af eðlislægri kurteisi: Gangi þér vel. Hann á væntanlega við hversdagslegt bauk Þráins, í og utan vinnu. Sömuleiðis, segir Þráinn hissa, glaður og svolítið skömmustulegur yfir því að hafa orðið seinni til.

Um kvöldið fylgist hann með heimildarþætti í sjónvarpinu um aðdraganda þessara leika. Hann heillast af forseta Alþjóða ólympíunefndarinnar sem segist leggja áherslu á að íþróttafólkið verði í aðalhlutverki í Aþenu. Ólympíunefndin vilji gegna þjónustuhlutverki á þessum vettvangi og það sé eðli þjóna að halda sig til hlés. Ef ég mætti ráða myndi ég sleppa því að flytja ávarp í upphafi hverra leika, segir forsetinn meðal annars. Í þeim orðum felst lúmsk gagnrýni á fyrirrennara hans í embætti en ýmsum þótti að hann liti á sig sem þjóðhöfðingja fremur en auðmjúkan þjón ólympíuhugsjónarinnar.

Í þættinum er einnig vísað í athyglisverð skrif félagsfræðingsins Pierre Bourdieu þar sem segir að í raun fari alltaf tvennir Ólympíuleikar fram samtímis. Annars vegar eru það leikarnir sem íþróttafólk, þjálfarar, fararstjórar, læknar, skipuleggjendur, dómara og fjölmiðlamenn taka þátt í á vettvangi,

hins vegar eru það leikarnir sem Þráinn og aðrir í hans stöðu verða vitni að, inni á heimilinu eða utan þess, fyrst með því að horfa á beinar útsendingar í sjónvarpi og síðan með því að kynna sér útlekkingar dagblaða og ljósvakamiðla á viðburðum. Síðari leikarnir eru ekki bara ritstýrð útgáfa þeirra fyrri heldur mótast þeir af áhugasviðum viðkomandi þjóðar (sjónvarpsútsendingar eru ólíkar milli landa), frammistöðu fjölmiðlafólks, auglýsingahagsmunum og hæfni pródúsenta til að magna upp dramatísk augnablik. Seinni leikarnir geta reyndar haft umtalsverð áhrif á hina fyrri, eins og sannaðist þegar lokahátíð Ólympíuleikanna sem haldnir voru í Seoul var tímasett með hliðsjón af bestu útsendingartímum í bandarísku sjónvarpi. Raunir er sú að ólympíunefndin þarf að þjóna mörgum og ólíkum herrum.

Símtalið og sjónvarpsþátturinn vekja Þráin til umhugsunar um hve ólíkir keppnis dagar bíða annars vegar hinna fjölmörgu glæsilegu Ólympíufara og hans sjálfs. Á meðan þeir fyrrnefndu beita sér í keppni og leik væntir Þráinn þess að sitja hreyfingarlaus fyrir framan skjáinn, heilapveginn af auglýsingum sem hvetja hann meðal annars til neyslu hamborgara og gosdrykkja. Með öðrum orðum: Ólympíuleikarnir sem hann tekur þátt í á heimaslóðum eru í raun andhverfa leikanna sem kunningi hans keppir á í Aþenu.

ÓTÍMABÆR SAGNFRÆÐI

„Stjörnufræðingar segja að loftsteinn, sem er kílómetri í þvermál, gæti rekist á jörðina árið 2880. Samkvæmt útreikningum þeirra eru líkurnar á að steinninn rekist á jörðina einn á móti 300.“ Þráinn les þessa frétt á vef BBC á nýju skjátölvunni sinni eitt kvöldið uppi í rúmi. Hér er enn eitt dæmið um það sem hann hefur gjarnan kallað ótímabæra sagnfræði, það er að segja fréttir af atburðum sem hafa ekki átt sér stað en ýmislegt bendir til að gætu gerst.

Þráinn hefur lengi furðað sig á hve mikið af efni fjölmiðla fjallar um framtíðina. Hann skipar slíkum fréttum jafnan niður á láréttan ás eftir því hve miklar líkur eru á að viðkomandi atburður eigi sér stað en þær líkur eru gjarnan í öfugu hlutfalli við tímann sem á eftir að líða fram að atburðinum. Fréttatilkynningar um listviðburði, íþróttaleiki eða fundarhöld setur hann á annan enda þessa áss, vangaveltur um væntanlegan jarðskjálfta, veraldarófrið eða heimsendi á hinn endann. Á miðjum ásnum er grátt svæði sem skilur að fullgildar fréttir og hreinræktaða spádóma. Þetta er vettvangur hinnar ótímabæru sagnfræði.

Birta hefur alla tíða hafnað þessari flokkun á þeirri forsendu að í flestum tilvikum fjalli fréttirnar sem Þráinn setur á grúa svæðið ekki um framtíðina heldur viðhorf einstaklinga í nútíðinni til þess sem koma skal. Þannig fjalli fréttin af vef BBC ekki um árekstur loftsteins og jarðarinnar árið 2880 heldur rannsóknir stjörnufræðinga hér og nú. Þessi umræða þeirra hjóna er

hliðstæð þeim deilum sem spretta upp með reglulegu millibili um skoðana-kannanir á fylgi pólitískra flokka. Frá einu sjónarhorni er hægt að líta á slíkar kannanir sem ótímabæra sagnfræði – rökstuddan spádóm um úrslit kosninga – frá öðru sem fullgildar fréttir af því hvað tiltekinn hópur fólks í samfélaginu er að hugsa þá stundina. En deilur þeirra Birtu leiðast líka út í þras um forsagnargildi hinnar ótímabæru sagnfræði. Þráni hefur alltaf sýnst að tilteknar fréttir um framtíðina séu færar um að móta þessa framtíð.

Enn er ónefnd sú hlið málsins sem Þráinn kallar húsmæðraheimspeki með tilvísan til þess hvernig móðir hans svaraði þegar hann spurði í gamla daga hvort hún vissi hvar þessi eða hinn hluturinn væri. Oftar en ekki fól svar hennar í sér alla hugsanlega möguleika. (Mamma, veistu um vettlingana mína? Já, þeir eru á ofninum í forstofunni eða einhvers staðar annars staðar.) Hugtakið húsmæðraheimspeki fer ósegjanlega í taugarnar á Birtu en hún hefur samt þurft að viðurkenna að boðberar hinnar ótímabæru sagnfræði setja gjarnan fram einhverja tilgátu um framtíðina en gera um leið ráð fyrir að tilgátan kunni að vera röng. Skólabókardæmi Þráins er baksíðufrétt árdegisblaðsins sem hann klippti út fyrir nokkrum mánuðum og hangir uppi á ísskápshurðinni: „Hækkunin er nokkru minni en markaðsaðilar höfðu spáð og ég tel það gefa góða von um að rauðu strikin muni halda ef ekkert óvænt kemur fyrir.“ Svona ummæli telur Þráinn reyndar rétt að meta með hliðsjón af forsagnargildi hinnar ótímabæru sagnfræði; þeim mun líklegra sem menn telja að rauðu strikin haldi þeim mun líklegra er það.

FRAMBOÐ OG EFTIRSPURN

Nokkrum mánuðum eftir hrun íslenska bankakerfisins er stofnuð ný og róttæk stjórnmalahreyfing. Gamall bekkjarbróðir Þráins úr menntaskóla er helsti talsmaður hópsins. Þegar líður að kosningum telur hann Þráin á að ljá nafn sitt á framboðslista í kjördæmi norðanlands. En framboðið fær litla athygli og skoðanakannanir vekja ekki bjartsýni. Haldinn er neyðarfundur um málið á kaffistofu í gamalli röraverksmiðju í vesturbænum.

Þráinn er meðal þeirra fáu sem mæta á fundinn: Hann tekur að sér að skrifa yfirkjörstjórninni, sýslumanninum og útvarpsréttarnefnd opið bréf þar sem þess er krafist að kosningunum verði frestað þar til öllum framboðum hafi verið gert jafnhátt undir höfði í fjölmiðlum landsins. Að öðrum kosti hyggist flokkurinn kæra úrslit kosninganna og fara með málið fyrir mannréttindadómstól Evrópu ef ekki fáist viðunandi niðurstaða fyrir íslenskum rétti. Megintilefni bréfsins er óánægja með vinnubrögð ríkisútvarpsins. „Flokkurinn,“ skrifar Þráinn, „telur að stofnunin hafi brotið gegn ákvæðum jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar enda er það skerðing á mannréttindum og tjáningarfrelsi að fá ekki tækifæri til að kynna framboð sitt á vettvangi ríkisútvarpins til jafns við framboð stóru flokkanna.“

Bréfið hefur ekki tilætluð áhrif. Þjóðin gengur til kosninga og flokkurinn fær færri atkvæði en sem nemur fjölda nafna á meðmælendalistum. Viku eftir kosningar fær Þráinn hins vegar tækifæri til að ræða um bréfið sitt í viðtalsþætti á lítilli einkarekinni útvarpsstöð. Spyrillinn byrjar á því að

vitna í gamalt viðtal við þekktan rithöfund um þýðingu hans á vemmilegri bandarískri metsölubók. Aðspurður um hvers vegna hann teldi að bókin væri jafn vinsæl og raun bar vitni svaraði þýðandinn: Ætli það sé ekki af því hún er svona vinsæl. Með tilvísan til þessara orða snýr spyrillinn sér að Þráni og spyr hann hvort stóru framboðin séu stór af því að þau fái svo mikla umfjöllun í fjölmiðlum eða hvort þau fái svona mikla umfjöllun í fjölmiðlum af því að þau eru stór.

Þegar Þráni vefst tunga um tönn heldur spyrillinn áfram: Er ekki eðlilegt að umfjöllun fjölmiðla um einstaka stjórn málaflokka sé í réttu hlutfalli við það atkvæðamagn sem flokkunum er spáð í kosningum?

Þráinn: Nei, alls ekki ...

Spyrill: Í ljósi þeirra áhrifa sem fjölmiðlar hafa á skoðanamyndun í samfélaginu þykir þér kannski eðlilegt að breyta skilgreiningum í stjórnarskránni á tjáningarfrelsi og bæta við ákvæðum um að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar í öllum fjölmiðlum landsins og að allar útvarps- og sjónvarpsstöðvar eigi að gæta þess að ólík rök fyrir mismunandi skoðunum í umdeildum málum fái jafnlanga umfjöllun á sama útsendingartíma?

Nú er eins og Þráinn nái vopnum sínum. Hann ákveður að minnsta kosti að svara þessari seinni spurningu játandi. Svo bætir hann við: Þú verður að athuga að þeir sem fara í framboð eru ekki aðeins að bjóða sig fram til opinberra embætta eftir kosningar heldur einnig, og stundum aðallega, til setu í fjölmiðlum áður en kosið er.

MARLBORO-MAÐURINN

Þráinn situr á biðstofu hjá þvafgæraskurðlæknum þegar hann rekur augun í auglýsingu fyrir Marlboro-sígarettur á baksíðu amerísks tímarits. Það birtir yfir svip hans. Slíkar tóbaksauglýsingar eru hættar að sjást í íslenskum tímaritum. Þær eru bannaðar með lögum. En þær eru samt alltaf jafnskemmtilegar. Þeim má líkja við lífseigan framhaldsþátt þar sem atburðarásin er það hæg að ekki kemur að sök þótt maður missi af nokkrum þáttum en þó nægjanlega hröð til að viðhalda áhuganum.

Lengst af kom aðeins ein persóna við sögu, hinn goðsagnakenndi Marlboro-maður. Hann var síðasti ósvikni kúrekinn sem ferðaðist um víðáttur Marlboro-landsins löngu eftir að síðasti móhíkaninn hvarf af sjónarsviðinu. Hann beislaði ótemjur, reið út í árstrauminn og sveiflaði hnakknum upp á efsta riðið í hestaréttinni. Af og til birtist hann í nærmynd með sígarettu milli sólbakaðra fingra, en æ sjaldnar í seinni tíð, enda var hlutverk hans ekki eingöngu að selja sígarettur heldur líka ákveðinn lífsstíl.

Marlboro-maðurinn var upphaflega táknmynd karlmannlegrar hreysti, útivistar og frelsis. Vestanhafs tengdist hann goðsögninni um bandaríska drauminn þar sem hugtök á borð við landnám, víðáttu og sjálfstæði koma við sögu. Hlutverk Marlboro-mannsins fólst í því að tengja þessar táknmyndir vörumerkinu Marlboro. Markhópur auglýsinganna var þó ekki aðeins, og kannski allra síst, bandaríska bændastéttin heldur neytendur um víða veröld, menn á borð við Þráin sem dreymir um að vera karlar í krapinu.

Það var Þráni því töluvert áfall þegar fréttist að kappinn sem leikið hafði Marlboro-manninn í óteljandi auglýsingum væri látinn úr krabbameini. Heilbrigðisyfirvöld víða um heim gripu fréttina á lofti og hrósuðu sigri í áróðursstríðinu við tóbaksframleiðendur. En Philip Morris, framleiðandi Marlboro, var ekki af baki dottinn. Í stað þess að beina sjónum að Malboromanninum hóf fyrirtækið að leggja vaxandi áherslu á umhverfi hans í auglýsingum sínum. Á baksíðu tímaritsins á læknastofunni blasir við áhrifarík litmynd af árbökkum og greniskógi, í baksýn eru snævi þakinn fjallstindur og djúpblár himinn. Þarna er líka hestastóð á hlaupum en engin manneskja er sýnileg. Ef væri ekki fyrir viðvörun bandaríska landlæknisins um skaðsemi reykinga, sem enginn les hvort sem er, mætti draga þá ályktun að þetta væri auglýsing frá ferðamálaráði eins af fámennari fylkjum Bandaríkjanna. Einfaldur auglýsingatextinn bendir í þessa átt: *Marlboro Country. Come to where the flavor is.*

Hér hefur tóbaksauglýsingin náð fullkomnun, hugsar Þráinn með sér. Enda þótt Marlboro-maðurinn sé horfinn á braut eru hinar eilífu veiðilendur enn vettvangur þeirra jákvæðu þátta sem áratuga starf hans hefur fest í sessi. Hér birtist í sinni skýrustu mynd það táknið sem búið hefur að baki öllum auglýsingum Marlboro frá upphafi. Þessar nýju auglýsingar leysa endanlega þann vanda sem felst í því að hvetja fólk til að reykja. Í þeim fær vörumerkið Marlboro merkinguna *hreint og tært andrúmsloft.*

GANGSTÍGAR SEM GREINAST

Því er stundum haldið fram að mannskepnan geti ekki sætt sig við að deyja en Þráinn er sannfærður um að því sé öðruvísi farið. Maðurinn sættir sig ekki við að lifa aðeins einu sinni, fullyrðir hann eitt kvöldið þegar þau Birta eru að gæða sér á rauðvíni og ostum fyrir framan sjónvarpið.

Hvað áttu við? spyr Birta. Forvitni hennar virðist vakin.

Okkur dreymir um að lifa öðru lífi en því sem okkur hefur fallið í skaut, svarar Þráinn. Slíkur draumur er stöðugt við það að rætast þegar við lesum skáldsögur, horfum á kvikmyndir, sækjum leikrit, hlýðum á tónlist eða látum okkur dreyma, í svefni eða vöku. Og vissulega verður hann líka að tíma-bundnum veruleika þegar við skiptum um vinnu, sundrum fjölskyldu okkar, stofnum til nýrra kynna eða flytjum með öðru móti úr einum heimi í annan. Til að hann raunverulega rætist þurfum við hins vegar að sigrast á þeirri hugmynd að tíminn sé einföld lína frá fortíð til framtíðar.

Birta á afar bággt með sjá lífið öðruvísi en einmitt þannig en Þráinn útskýrir fyrir henni að samkvæmt kenningum skammtafræðinnar megi gera ráð fyrir fleiri en einum hliðstæðum veruleika. Kenninguna útskýrir hann síðan með vísan í smásögu eftir Jorge Luis Borges. Hún segir frá kínverska spekingnum Ts'ui Pen sem trúir á óteljandi flokka tímans, óendanlegt net þar sem sérhver ónýttur möguleiki lífsins er jafn raunverulegur og þeir tiltölulega fáu sem koma í manns hlut. Í veröld Ts'ui Pen greinist tíminn viðstöðulaust í óteljandi framtíðir.

Þráinn viðurkennir reyndar að þegar hann kynntist þessari hugmynd fyrst, nokkrum árum eftir að þau Birta giftu sig, hafi hann bara hlegið að henni. Síðan leið tíminn, bætir hann við, og ég fékk smám saman á tilfinninguna að í seilingarfjarlægð sitt til hvorrar handar liðu hin lífin mín öll, líkt og svartar skuggamyndir handan við hvítan plastdúk, og ég þyrfti ekki nema að klóra með nöglinni í yfirborðið til að skilin rofnuðu. Kenndin greip mig hjartökum þegar leið mín lá þvert yfir leið gamals skólafélaga, fyrirverandi kærustu eða inn á vinnustað sem ég hafði einhverju sinni tilheyrt.

Áttu við síðdegiblaðið? spyr Birta.

Meðal annars, viðurkennir Þráinn. Framan af fylltist ég ósegjanlegum trega á slíkum krossgötum lífsins sem ég lifði og hins sem ég hafði misst af en núorðið þykir mér bara gott til þess að hugsa að í næstu tímavidd standi ég í allt öðrum sporum, búi í öðru húsi við aðra götu, er kannski þriggja barna faðir, sorgbitnari, hamingjusamari, ríkari eða fátækari, meira lifandi eða einfaldlega dauður.

Þú vilt þá ekki skipta á mér og einhverri annarri? spyr Birta.

Nei, nei, segir Þráinn og gerir lokatilraun til að útskýra hvað hann á við. Okkur dreymir um að lifa öðru lífi en því sem okkur hefur fallið í skaut með sama hætti og okkur langar til að horfa á aðra sjónvarpsstöð þegar dagskráin í þessari er orðin of fyrirsjáanleg eða auglýsingatíminn of langur.

Þú segir það, segir Birta með kunnuglegum raddblæ og treygir sig í fjarstýringuna.

ÞVÍ MIÐUR

Síminn hringir. Á línunni er dimmraddaður maður sem kynnir sig og spyr hvort þetta sé hjá herra Þráni Helgasyni blaðamanni. Þráinn gengst við sjálfum sér en segist ekki hafa unnið við blaðamennsku um árabíl. Það kemur á daginn að maðurinn hefur verið að lesa grein sem Þráinn skrifaði fyrir hálfum öðrum áratug þegar hann starfaði á síðdegisblaðinu.

Framan af er reyndar óljóst hvert viðmælandinn er að fara. Hann spyr hvort Þráinn hafi skrifað einhverjar fréttir af austurlandi þetta sumar? Jú, Þráinn segist hafa gert víðreist í ágústmánuði ásamt einum ljósmyndara blaðsins. Þeir flugu til Egilsstaða, fengu þar leigðan bíl og höfðu þrjá daga til umráða til að afla fregna úr tveimur sýslum. Þráin rámar í að hafa tekið á annan tug viðtala á dag; hann ræddi við bakara, sjómenn, fiskvinnslukonur, þjakka sem voru að dorga niðri á höfn, stelpu sem afgreiddi í grillskála, athafnamenn sem steyptu fiskiker, verkfræðinga sem hönnuðu virkjun og landverði sem önnuðust skálavörslu á hálendinu og buðu þeim ljósmyndaranum upp á fjallagrasamjólk. Aðspurður kannast Þráinn líka við að hafa skrifað stutta frétt um veiðihús skammt frá þjóðveginum. Hann segist hafa rætt við eigandann og kannski einn eða tvo laxveiðimenn en það sé langt um liðið.

Þegar maðurinn fer að spyrja um nafn ljósmyndarans þykist Þráinn loksins hafa skilið hvað hangir á spýttunni. Ef viðmælandann vanti myndir af veiðihúsinu sé best að snúa sér beint til síðdegisblaðsins; myndirnar og

filmurnar úr ferðinni séu vafalítið enn geymdar á safnadeildinni. En erindið er annað. Mig vantar ekki ljósmyndir, segir maðurinn á hinum enda línunnar. Konan mín vann í eldhúsinu. Það kom blaðamaður að sunnan um sumarið og skrifaði grein um staðinn. Ég hef setið á þjóðarbóklöðunni, farið yfir öll dagblöðin frá þessu sumri og ...

Hann þarf ekki að segja meira. Raddblærinn segir það sem upp á vantar.

Og ertu, segir Þráinn, næstum brosandi, ertu þá að leita að föður fimm-tán ára barns?

Hann er nýorðinn fjórtán.

Þráinn er stöðugt að bíta í tunguna á sér í síðari hluta símtalsins, eftir að honum hefur skilist að maðurinn er að leita föður fóstursonar síns. Því miður. Hvað eftir annað eru þessi tvö orð komin fram á varir Þráins en þau eiga einfaldlega ekki við.

Nei, (því miður), við stoppuðum mjög stutt þarna á staðnum ... í mesta lagi í klukkutíma. Þráinn hefur ekki fyrir botnað setninguna en það rennur upp fyrir honum að klukkutími sé meira en nægur tími. Hálf tími þess vegna. Hann er fljótur að bæta við: Ég sat inni í matsalnum þennan klukkutíma, ég tók viðtal við veiðivörðinn, ljósmyndarinn smellti af nokkrum myndum og svo vorum við farnir.

Og þið komuð þarna bara einu sinni?

Já, (því miður).

Fyrst eftir að símtalinu er lokið furðar Þráinn sig á því hvað hann er mótaður af áralangri kurteisisþjálfun. Nei, því miður get ég ekki aðstoðað

þig, góði maður, því miður er ég ekki kviðmágurinn sem þú ert á höttunum eftir, því miður þarftu að halda leit þinni áfram, hringja í næsta blaðamann sem lagði leið sína um sýsluna þetta sumar og kannski þann þar næsta uns allir hafa svarið af sér faðernið. Eða mun einhver okkar gangast við barninu, tæpum fimmtán árum síðar, segja áreynslulaust í símann: Já, það var ég. Og bæta við, eftir stutta umhugsun: Hvað heitir strákurinn?

Á bak við þetta *því miður*, sem Þráinn lét þó aldrei út úr sér, hlaut að búa margfalt *sem betur fer*. Nei, sem betur fer heimsótti ég veiðihúsið um hábjartan daginn, sem betur fer hef ég nokkuð gott minni, hef aldrei orðið alvarlega drukkinn, ég hef nokkuð örugglega tölu á þeim konum sem gætu hafa borið barn mitt undir belti. Sem betur fer stend ég ekki í þeim sporum að hafa misst af fyrstu fjórtán árunum í lífi frumburðar míns, ég þarf sem betur fer ekki að horfast í augu við drenginn, móðurina, Birtu eða þessa óræðu karlrödd.

Eða hvað?

Meinti Þráinn kannski eitthvað með því þegar hann hugsaði *því miður* hvað eftir annað í þessu stutta símtali? Harmar hann innst inni að vera ekki hluti af þessari örlagasögu sem hann veit í raun hvorki haus né sporð á en getur spunnið upp eftir þetta gloppótta símtal? Nagar hann sig í handarbökin yfir að fá óræka sönnun þess að einn ónýttur möguleikinn í lífi hans hafi í raun og sannleika orðið að veruleika.

VIÐHENGI

Þráinn situr með fartölvuna sína í yfirgefnu fundarherbergi á þriðju hæð ráðuneytisins á fimmtudagsmorgni. Hann er rykugur eftir bjórdrykkju gærkvöldsins. Upphaflega ætlaði hann bara að horfa á einn leik í meistaradeildinni á sportbar í miðbænum en rakst þar á gamlan vinnufélaga af síðdegisblaðinu, stjórnublaðamanninn sem skrifaði á sínum tíma greinaflokkinn um næturlífið í Amsterdam. Sá hefur marga fjöruna sopið síðan. Á tímabili var hann vefstjóri hjá einum af stóru bönkunum en frá hruni hefur hann starfað við netmiðil sem er stöðugt að skipta um eigendur. Klukkan var að ganga þrjú þegar þeir kvöddust í miðbænum og stigu hvor upp í sinn leigubílinn.

Þráni fannst í og með eins og hann stæði frammi fyrir tvífaru sínum, manningum sem hann hefði getað orðið ef hann hefði haldið áfram í blaðamenskunni, haldið áfram að spila í meistaradeildinni, eins og stjórnublaðamaðurinn hafði komist að orði. Ósjálfrátt fann Þráinn sig knúinn til að færa í stílinn þegar hann fór að lýsa dauflægu starfi sínu innan ráðuneytisins, þekkingu sinni á öllum trúnaðargögnunum sem þar leyndust og þeim pólitísku og persónulegu hneykslismálum sem þau þögðu yfir. Áður en hann vissi af var hann búinn að láta þennan gamla starfsfélaga taka af sér hátíðleg loforð, loforð sem Þráinn vissi að hann gæti ekki efnt, ekki með góðu móti.

En samt hefur hann varið síðustu tuttugu mínútum í tölvunni sinni við að koma sér upp netfangi hjá japönsku fyrirtæki sem blaðamaðurinn hafði

sagt að þeir hjá Wikileaks notuðu stundum. Eftir svolitla umhugsun valdi Þráinn netfangið bond@excite.co.jp. Og gögnin sem þeir ræddu um eru öll til taks á minnislykli sem hann er með í vasanum.

Þú er aldeilis karl í krapinu, var það síðasta sem burstaklippti vinurinn hafði sagt áður en hann settist inn í leigubílinn. Þráinn fékk sting í magann við að heyra þessi orð. Og hann er ennþá með sting í maganum þegar hann slær inn netfang blaðamannsins og byrjar að hengja trúnaðarskjölin þrjátíu og þrjú við póstin. Stingurinn hverfur hins vegar um leið og Þráinn ýtir á *Send*. Í staðinn fyllist hann ótrúlegum létti. Hann veit með einhverjum yfirnáttúrlegum hætti að nú eru örlög hans ráðin.

1005 eða öllu heldur MV. Rómversku tölustafirnir standa einnig fyrir Matthías Viðar. Hann kom upp í huga okkar þegar lagt var af stað í þessa ferð. Hann var aðeins 49 ára þegar hann lést. Rétt kominn hálf leið. Hefði orðið sextugur á síðasta ári þegar tímaritröðin var hálfnuð. Styttri ferðir eru oft upphaf einhvers annars og meira. Við trúum því að það hafi átt við Matthías Viðar. Um 1005 verða aðrir að spá. Hvað okkur varðar verður ferðin ekki lengri. Hér segjum við stopp. Þetta er búið.

HERRA ÞRÁINN © Jón Karl Helgason. MMXV.

Ljósmynd á s. v © Delmar Watson, Delmar Watson Photography Archive.

ISSN ~~MMCCXCV~~MMMCCLXXI eða 2298271X. ISBN CMLXXVIII-IX CMXXXV-IX CCLXIV-VIII-VII eða 978-9935-9264-8-7

Útgefandi: 1005 í samstarfi við Kind. Reykjavík. MMXV. Útlit: Ragnar Helgi Ólafsson. Saurblöð og kápuskraut: Anna Hrund Másdóttir og Hildigunnur Birgisdóttir. Prentun: Prentsmiðjan Oddi. Öll réttindi áskilin. Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

I. TBL. · VOR · MMXIII

HEFTI I: *Bautasteinn Borgesar* eftir Jón Hall Stefánsson

HEFTI II: *Bréf frá borg dulbúinna storma* eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur

HEFTI III: *Hælið – Skáldsaga* eftir Hermann Stefánsson

II. TBL. · VOR · MMXIV

HEFTI I: *Styttri ferðir* eftir ýmsa höfunda

HEFTI II: *Rússneski þátturinn* eftir Braga Ólafsson

HEFTI III: *Hjarðljóð úr Vesturbænum* eftir Svein Yngva Egilsson

HEFTI IV: *Uppfinning Morels* eftir Adolfo Bioy Casares

III. TBL. · VOR · MMXV

HEFTI I: *Eftirherman* eftir Thomas Bernhard

HEFTI II: *Fæðingarborgin* eftir Oddnýju Eir Ævarsdóttur

HEFTI III: *Blindur hestur* eftir Eirík Guðmundsson

HEFTI IV: *Jarðvist* eftir Sigurlín Bjarneyju Gísladóttur

HEFTI V: *Fundur útvarpsráðs 14. mars 1984 og ...* eftir Ragnar Helga Ólafsson

HEFTI VI: *Tvöfalt gler* eftir Halldóru Thoroddsen

HEFTI VII: *Herra Þráinn* eftir Jón Karl Helgason